

VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

Tillaga og greinargerð

ATA



Nóvember 2022

Neðstikaupstaður og gamli bærinn á Eyrinni

Efnisyfirlit

Inngangur	2		
Hvað er verndarsvæði í byggð?	3		
Tillagan	3		
I. TILLAGA AÐ VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ	4		
1. Mörk svæðis og skipulag	5		
2. Rökstuðningur tillögu	6		
3. Kynning og samráð	7		
4. Verndun og uppbygging	8		
4.1 Tillaga að verndarskilmálum	9		
II. GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU	10		
1. Svæðislýsing	11		
2. Saga og þróun byggðar	15		
2.1 Neðstikaupstaður	15		
2.2 Hæstikaupstaður	16		
2.3 Miðkaupstaður	17		
2.4 Þéttbýli myndast	17		
2.5 Fyrri hluti 20. aldar	19		
2.6 Fyrsta lögformlega skipulagið	20		
2.7 Miðbik aldarinnar	21		
2.8 Seinni hluti 20. aldar	22		
3. Fornleifaskráning	23		
4. Staða í skipulagi	24		
4.1 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020	24		
4.2 Deiliskipulag	25		
5. Greining á svipmóti byggðarinnar	26		
		5.1 Falinn fjársjóður	27
		5.2 Verslun og fiskur	28
		5.3 Fágæt bæjarrými	31
		5.3.1 Göturými	31
		5.3.1 Torg og garðar	35
		5.4 Bernskuár þéttbýlis	37
		5.4.1 Kaupstaðirnir	38
		5.4.2 Timburhúsaheild	40
		5.4.3 Aðalgötur	42
		5.4.4 Fúnkisheild	44
		6. Varðveislumat	46
		6.1 Byggingarlistarlegt gildi	49
		6.2 Menningarsögulegt gildi	49
		6.3 Umhverfisgildi	50
		6.4 Upprunalegt gildi	50
		6.5 Ástand	50
		6.6 Niðurstaða	51
		7. Vernd og uppbygging	52
		7.1 Áherslur við mótun skilmála	52
		7.2 Tillaga að verndarskilmálum	53
		7.2.1 Falinn fjársjóður	53
		7.2.2 Verslun og fiskur	54
		7.2.3 Fágæt bæjarrými	55
		7.2.4 Bernskuár þéttbýlis	56
		8. Heimildaskrá	57
		Ljósmyndir: Bragi Bergsson og Alta.	
		Skýringarmyndir og kort: Alta	

Gagnanúmer: A1302-019-U06

Inngangur

Gamli bærinn á Skutulsfjarðareyri og Neðstikaupstaður er einstakt svæði þar sem varðveist hefur gríðarlegt magn gamalla húsa frá fyrstu árum þéttbýlismyndunar á Íslandi. Svæðið er jafnframt nátengt hjarta Ísafjarðar og mikilvægur hluti miðsvæðis bæjarins. Ísafjarðarbær leggur áherslu á að stuðla að vernd og varðveislu byggðarinnar enda mikil menningarverðmæti í henni fólgin.

Ísafjarðarbær fékk styrk úr húsafriðunarsjóði til að vinna tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um að Neðstikaupstaður og gamli bærinn verði gerð að verndarsvæði í byggð á grundvelli laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Til að vinna að framangreindri tillögugerð skipaði sveitarfélagið stýrihóp og fékk ráðgjafarfyrirtækið Alta sér til aðstoðar. Bragi Bergsson, sagnfræðingur, var fenginn til að stýra uppfærslu húsakönnunar með varðveislumati fyrir svæðið, en í vinnunni við gerð hennar tóku þátt Jóna Símonía Bjarnadóttir, Helga Þuríður Magnúsdóttir, Guðfinna M. Hreiðarsdóttir og Elísabet Gunnarsdóttir. Húsakönnunin er mikilvæg forsenda í vinnu við mótun tillögu að verndarsvæði í byggð.

Í stýrihópi sitja fulltrúar Ísafjarðarbæjar og vinnur hópurinn í samráði við Minjastofnun Íslands. Í verkefninu felst að meta varðveislugildi byggðarinnar, móta sýn og útbúa skilmála um verndun til að viðhalda og styrkja einkenni byggðar og staðaranda svæðisins í samræmi við leiðbeiningar Minjastofnunar¹ um mótun tillögu að verndarsvæði í byggð. Það verði gert undir leiðsögn stýrihóps og í samráði við hagsmunaaðila.

¹ Guðný Gerður Gunnarsdóttir (2017).



Mynd 1. Horft til norðurs yfir gamla bæinn á Skutulsfjarðareyri.

Hvað er verndarsvæði í byggð?

Verndarsvæði í byggð er byggð innan afmarkaðs svæðis sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt ákvörðun ráðherra. Samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015² skulu sveitarstjórnir að loknum sveitarstjórnarkosningum meta hvort innan sveitarfélagsins sé byggð sem hafi slíkt gildi hvað varðveislusviptmóts og menningarsögu varðar, ásamt listrænu gildi, að ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði í byggð. Þá er unnin tillaga og greinargerð að verndarsvæðinu sem send er til ráðherra til samþykktar.



Mynd 2. Horft til suðvesturs yfir Neðstikaupstað.

² [4. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015](#)

Tillagan

Sjálf tillagan að verndarsvæðinu er sett fram í I. hluta þessa skjals en rökstuðningur hennar er í II. hluta. Þessir tveir hlutar skjalsins skiptast í eftirfarandi kafla:

I. Tillaga að verndarsvæði í byggð

1. Mörk svæðis og skipulag
2. Rökstuðningur tillögu
3. Kynning og samráð við tillögugerðina
4. Stefna um vernd og uppbyggingu

II. Greinargerð með tillögu

1. Svæðislýsing
2. Saga og þróun byggðar
3. Minjar
4. Greining á sviptmóti byggðarinnar
5. Varðveislumat
6. Vernd og uppbygging

Heimildaskrá

NEÐSTIKAUPSTAÐUR OG GAMLI BÆRINN Á EYRINNI

Tillaga að verndarsvæði
í byggð

1. Mörk svæðis og skipulag

Svæðið sem lagt er til að verði gert að verndarsvæði í byggð er á Skutulsfjarðareyri í þéttbýli Ísafjarðar. Afmörkun þess nær annars vegar til innri hluta byggðarinnar á Eyrinni og hinsvegar til svæðisins sem umkringir Neðstakaupstað á Suðurtanga. Afmörkun verndarsvæðisins miðast við lóðarmörk. Svæðinu má einnig skipta gróflega í þrennt eftir gömlu verslunarstöðunum sem þau tengjast; Neðstakaupstað, Miðkaupstað og Hæstakaupstað. Afmörkun verndarsvæðisins má sjá á mynd 3 hér til hliðar.

Afmörkun svæðisins nær til þess svæðis sem geymir elstu byggð Ísafjarðar. Þar er að finna menningarsögulega mikilvægt byggðamynstur sem endurspeglar svipmót byggðar á ýmsum tímum í þéttbýlissögu landsins. Afmörkunin endurspeglar jafnframt upprunalega strandlínu Skutulsfjarðareyrar áður en landfyllingar fóru að setja svip á umhverfi eyrarinnar.

Í þessari tillögu og greinargerð verður talað um svæðið sem heild annaðhvort sem „verndarsvæðið“ eða „gömlu byggðina á Eyrinni“.



Mynd 3. Mörk þess svæðis sem gerð er tillaga um að verði verndarsvæði í byggð (dökkgrá brotin lína).

2. Rökstuðningur tillögu

Ísafjörður er einn af elstu kaupstöðum landsins og þar hafa varðveist samstæðar heildir bygginga sem eru með þeim elstu á landinu öllu. Svipmót gömlu byggðarinnar á Eyrinni hefur jafnframt ómetanlegt sögulegt gildi sem vitnisburður um mótandi strauma í þéttbýlismyndun á Íslandi. Verndarsvæðið sem um ræðir tekur til „fæðingarstaða“ þéttbýlisins með kaupstöðunum þremur og elstu byggðarinnar sem út frá þeim sprettur allt frá miðbiki 18. aldar.

Varðveislugildi byggðarinnar er metið hátt út frá gildi byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, uppruna og ástands. Helstu rök fyrir varðveislugildi byggðarinnar eru eftirfarandi:

- Byggðin á Eyrinni sem hefur varðveist er dýrmætur fjársjóður fyrir Ísfirðinga og hefur einnig ótvírætt sögulegt gildi á landsvísu.
- Kaupstaðirnir þrír, þar sem húsabyrpingar, almenningsrými og söguleiðin á milli þeirra hefur varðveist, hafa mikið menningarsögulegt gildi.
- Svipmót byggðar í bæjarrýmum skapar fallega heild og notalegt umhverfi sem endurspeglar bæi fyrri tíma.
- Á svæðinu má finna margar samstæðar heildir byggingarstíla sem segja sögu þéttbýlismyndunar á Íslandi.

Mikilvægt er að vernda sérstöðu gömlu byggðarinnar á Eyrinni þannig að úr henni megi áfram lesa sögu þéttbýlismyndunar Ísafjarðar. Einnig skiptir máli að áfram verði hægt að njóta þess fallega umhverfis sem hún skapar og vinna með söguna á skapandi hátt til umhverfismótunar.

Á sama tíma þarf að tryggja að byggðin haldi áfram að vera lifandi

íbúarbyggð með fjölbreyttri starfsemi þar sem verndun og uppbygging fer saman. Vel hefur verið staðið að ýmsu og ástand bygginga er í flestum tilfellum gott og greinilegt að bæði opinberir aðilar og íbúar bera mikinn metnað fyrir varðveislu byggðarinnar. Þá eru tækifæri til smávægiegrar þéttingar með nýbyggingum þar sem hús frá fyrri tíð hafa verið rifin og bæta þannig um leið heildaryfirbragð svæðisins. Sjá nánar í skilmálum um verndun og uppbyggingu. Nánari rökstuðningur fyrir tillögunni er að finna í II. hluta þessarar greinargerðar, þar sem sérkennum og verndargildi svæðisins er lýst.



Mynd 4. Hús á Bökkum þar sem nú heitir Sundstræti.

3. Kynning og samráð

Í lögum og reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016 er kveðið á um að gera skuli grein fyrir því samráði sem hefur verið haft við íbúa við gerð tillögu að verndarsvæði. Í samræmi við lög og reglugerð verður lögð áhersla á samráð við hagsmunaaðila í mótun tillögu að verndarsvæði.

Opnaður var kynningarvefur <https://www.verndarsvaedi.isafjordur.is/> um verkefnið þar sem íbúar og aðrir áhugasamir geta kynnt sér verkefnið. Lögð var áhersla á að heyra sjónarmið hagaðila snemma í ferlinu og var gerð vefkönnun þar sem leitað var ábendinga eða upplýsinga sem nýttist við gerð húsakönnunarinnar og spurt var um sjónarmið er varða þróun byggðar og vernd.

Við mótun tillögu að verndarsvæði í byggð voru niðurstöður könnunarinnar hafðar til grundvallar og höfð hliðsjón af þeim ábendingum sem bárust. Tillagan var kynnt fyrir íbúum og hagsmunaaðilum á vinnslustigi á kynningarvef verkefnisins þar sem tækifæri gafst til að koma fram með ábendingar eða athugasemdir við henni.

Tillagan var einnig send eftirfarandi umsagnaraðilum og óskað eftir umsögn um hana:

- Forsætisráðuneytið
- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar lagði til við bærstjórn að heimila formlega auglýsingu verndarsvæðis í byggð á fundi sínum 10. ágúst 2022. Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, þann 15. ágúst 2022, í sumarleyfi bærstjórnar, var samþykkt að auglýsa tillögu verndarsvæðis í byggð, skv. 4. mgr. 5.gr. laga nr. 87/2015.

Tillagan ásamt greinargerð var auglýst formlega á vef sveitarfélagsins og á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu frá 25. ágúst til 7. október 2022. Aðeins barst umsögn frá Náttúrufræðistofnun sem taldi verndaráform jákvæð er varðar verndun upprunalegrar fjöru við Neðstakaupstað.

Að auglýsingu lokinni var tillagan lögð fyrir í bærstjórn til umræðu og samþykktar og var hún samþykkt á fundi bærstjórnar 17. nóvember 2022. Tillagan var svo send ráðherra málaflokksins til ákvörðunar í samræmi við 5. mgr. 4.gr. laga um verndarsvæði í byggð.

4. Verndun og uppbygging

Sú tillaga að gera gömlu byggðina á Skutulsfjarðareyri að verndarsvæði í byggð á grunni laga þar um og tilheyrandi greinargerð sem hér er sett fram, er í senn árétting á því sem þegar gildir um svæðið og staðfesting á mikilvægi þess á svæðis- og landsvísu.

Segja má að byggðin sé nú þegar verndarsvæði ef litið er til þess hve vel hefur tekist að standa vörð um húsinn og miðað við þau ákvæði sem gilda um byggðina samkvæmt lögum um menningarminjar og hverfisvernd í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Engu að síður þykir ástæða til að skilgreina svæðið sem verndarsvæði í byggð til að festa vernd þess enn frekar í sessi til framtíðar. Þá er markmið tillögunnar að skýra sérstöðu byggðarinnar þegar kemur að varðveislugildi hennar og marka stefnu um framtíðarþróun. Þannig megi áfram vinna markvisst að verndun svipmóts byggðarinnar um leið og fræðslugildi svæðisins er aukið og lifandi byggð er viðhaldið.

Í eftirfarandi tillögu settir fram verndarskilmálar úr frá fjórum þeim;

- Falinn fjársjóður
- Fjörður og fiskur
- Fágæt bæjarrými
- Bernskuár þéttbýlis

Eitt meginmarkmið er skilgreint undir hverju þema sem framtíðarsýn m.t.t. samfélags og umhverfis. Til að stuðla að framtíðarsýninni eru sett fram leiðir að markmiði. Þær geta annars vegar verið áherslur til að fylgja eftir við aðal- og deiliskipulagsgerð og hins vegar verkefni, aðgerðir eða framkvæmdir sem lagt er til að ráðist verði í til að viðhalda byggð og efla fræðslugildi hennar.



Mynd 5. Séð yfir Skutulsfjarðareyri frá Kirkjubólshlíð.

4.1 Tillaga að verndarskilmálum

Falinn fjársjóður

Markmið

- Gamla byggðin á eyrinni verður áfram geymd sem dýrmætur sjóður.
- Strandlínu fyrir tíma landfyllinga sé minnst í umhverfinu.

Verzlun og fiskur

Markmið

- Menningarverðmætum sem felast í varðveislu kaupstaðanna þriggja verði haldið á lofti sem fæðingastöðum Ísafjarðar sem þéttbýlis.
- Kaupstaðirnir myndi áfram hver um sig litla byggingaklasa.
- Leiðin á milli kaupstaðana um Aðalstræti verði styrkt sem söguleið.
- Aðgengi almennings að menningar- og náttúruminum sé tryggt.
- Sjónlínur til sjávar frá kaupstöðum viðhaldið.
- Gömul örnefni verði endurvakin og notuð.

Fágæt bæjarrými

Markmið

- Staðinn verði vörður um göturými og haldið í mjúka jaðra, uppbot og fínleika byggðarinnar.
- Göturýmið verði áfram aðlaðandi, greitt og öruggt fyrir gangandi vegfarendur.

- Huga skal að fallettri götulýsingu sem fellur vel að og styrkir svipmót byggðarinnar. Jafnframt skal hugað að öryggi og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af.
- Staðinn sé vörður um almenningsrými sem eru mikilvæg fyrir m.t.t. menningarsögu og mannlífs.
- Stuðla að lifandi mannlífi í miðbæ Ísafjarðar.

Bernskuár þéttbýlis

Markmið

- Staðinn verði vörður um svipmót byggðarinnar sem segir sögu þéttbýlismyndunar á Íslandi.
- Staðinn sé vörður um mikilvæg kennileiti innan verndarsvæðisins.
- Öll uppbygging og endurgerð húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almenningsrými stuðli að styrkingu heildarsvipmóts svæðisins.
- Áfram verði lifandi íbúðarbyggð og mannlíf á svæðinu.

Leiðir að þessum markmiðum eru settar fram í 7. kafli og er gert ráð fyrir að þær verði leiðbeinandi við skipulagsgerð og framkvæmdir innan verndarsvæðisins.

NEDSTIKAUPSTAÐUR OG GAMLI BÆRINN Á EYRINNI

**Greinargerð með
tillögu**

1. Svæðislýsing

Vestfjarðakjálkinn er vogskorin háslétta þétt sett fjörðum þar sem sundurskorin fjöll kvíslast fram milli fjarðanna. Mjóir firðirnir eru umkringdir bröttum fjöllum sem ganga víða í sjó fram. Undirlendi er lítið og undir bröttum fjallshlíðum kúra lítil sjávarþorp.

Ísafjarðardjúp er gríðarstórt inndjúp sem sker næstum norðanverðan Vestfjarðakjálkann í sundur og inn af því ganga margir firðir til suðurs. Í Skutulsfirði, stysta og vestasta firðinum í Ísafjarðardjúpi, er stærsti byggðakjarninn á Vestfjörðum sem heitir Ísafjörður og er oft nefndur höfuðstaður Vestfjarða.



Elsti hluti byggðarinnar á Ísafirði er staðsettur á eyri sem heitir Skutulsfjarðareyri, sem myndar sveig inn í firðinum miðjum til suðurs. Verndarsvæðið nær til hluta elstu byggðarinnar á Eyrinni. Út frá henni teygir byggðin sig svo að fjallsrótum og meðfram bröttum hlíðum Eyrarfjalls en einnig er hluti bæjarins í fjarðarbotninum. Inn úr Skutulsfirði sunnanverðum ganga nokkrir dalir, Seljalandsdalur, Dagverðardalur, Tungudalur og Engidalur, með fjallið Kubba einkennandi á milli þeirra. Austan megin í Skutulsfirði er fjallshlíð sem nefnist Kirkjubólshlíð og fjallið Ernir. ³ Fjallið Kubbi setur sterkan svip

³ Ólína Kerúlf Þorvarðardóttir, 2017

þegar horft er inn fjörðinn en Snæfjallaströndin og Jökulfirðirnir blasa við þegar horft er út fjörðinn og yfir djúpið. ⁴



Mynd 6. Skutulsfjörður við Ísafjarðardjúp - verndarsvæðið sést á kortinu með bláu.

⁴ Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, 2012

Eyrin í Skutulsfirði er ýmist nefnd Skutulsfjarðareyri, Ísafjörður eða Ísafjarðareyri og stundum kölluð bara Eyrin eða Tanginn. Syðsti hluti eyrarinnar er kallaður Suðurtangi og norðurhornið Norðurtangi. Landslag eyrarinnar mótast ekki síst af sjónum sem umkringir hana. Innan við Eyrina til vesturs er hafsvæði kallað Pollurinn, svæðið austan hennar er kallað Sundin og svo er Prestabugt til norðurs, sjá kort hér til hliðar.⁵ Stór hluti eyrarinnar er í dag manngerð landfylling og einu upprunalegu fjöruna er að finna á vestanverðum Suðurtanga hjá Bárðarslipp sem var færður yfir fjörðinn um miðja 20. öldina.



Mynd 7. Fjaran við Neðstikaupstað og Bárðarslippur



Mynd 8. Skutulsfjarðareyri - verndarsvæðið sést á kortinu með bláu.

⁵ Landmælingar Íslands, 2021

Verndarsvæðið er í tveimur hlutum, annarsvegar húsaþyrpingin og fjaran sem tilheyrir Neðstikaupstað á neðra svæðinu, en hinsvegar samfelld byggð húsa á efra svæðinu á Eyri.

Byggðin innan verndarsvæðisins er lítið áberandi frá fjarlægð þar sem hún er nokkuð falin innan um nýrri mannvirki. Áður var byggðin öll í nánnum tengslum við sjóinn en í dag er það helst við gömlu bryggjurnar. Sjónlínur út á sjó eru fáar en þó á nokkrum stöðum, sjá gular örvar á kortinu hér til hliðar á mynd 9. Þó má víða sjá glitta í fjöllin sem umkringja Skutulsfjörð, ofan við húsin þegar staðið er innan byggðarinnar.

Helsta aðkomuleiðin að Eyri af landi er í gegnum Hafnarstræti sem er falleg bæjargata og Pollgötu sem er breið akbraut og liggur alveg að Suðurtanga. Frá sjó er aðkoma að hafnar svæðinu á Suðurtanga en hafnarstæði eru bæði vestan og austan eyrarinnar.

Landslag eyrarinnar er flatt og götumynstrið nokkuð fíngert. Það sem einkennir margar af elstu götunum er hversu mjóar þær eru og húsin í nánnum tengslum við götu. Margar gatnanna eru vistgötur með mjög hægri umferð þar sem gangandi, hjólandi og akandi nota sama rýmið. Dæmi um þetta eru Tangagata, Smiðjugata, Silfurgata, Þvergata og Brunnagata. Fjarðarstræti, Sundstræti og Skipagata eru aðeins breiðari, með nýrri húsum öðrum megin götunnar. Við Austurveg er skalinn einnig aðeins stærrí en víða annars staðar, þar eru ýmis kennileiti og hluti götunnar er nýtt sem skólalóð. Aðalstræti hefur yfirbragð borgargötu með aðaltorgi bæjarins, Silfurtorgi, og er jafnframt söguleg tenging milli kaupstaðanna þriggja. Aðalstræti breytist svo í Suðurgötu þegar sunnar er komið sem er núverandi tenging við Neðstikaupstað.



Mynd 9. Afmörkun verndarsvæðisins (blátt), götuheiti, almenningsrými (græn) og helstu útsýnisstaðir (gulir).

Helstu kennileiti á svæðinu eru m.a. Edinborgarhúsið við Aðalstræti og Sundhöllin og Húsmæðraskólinn við Austurveg. Einnig mætti nefna horn húsin við Silfurgötu 2 og 6.

Almenningsrými innan svæðisins auk Sifurtorgs eru nokkur og af ýmsu tagi. Almenningsgarðurinn Austurvöllur er norðarlega á svæðinu við Austurveg og þar er einnig leiksvæði á skólalóð grunnskólans. Húsin í Neðstakaupstað mynda á milli sín torg með sögulegu yfirbragði og við Edinborgarhúsið er útisvæði sem snýr að sjónum. Við Skipagötu er leiksvæði sem ber nafnið Skipagöturóló.

Byggðin á svæðinu er nokkuð blönduð og þar er bæði að finna verslanir og þjónustu, opinbera starfsemi og íbúðabyggð eins og fjallað var um í kafla 1.1. Svæðin tvö sem verndarsvæðið nær til eru svo aðskilin af athafnasvæði með nokkuð grófum byggingum eins og sjá má á mynd 9.



Mynd 10. Horft út á sjó frá Austurvelli við Hæstakaupstað þar sem áður lá bryggja út í pollinn.

2. Saga og þróun byggðar

Talið er að Eyri hafi verið landnámsjörð og höfuðból frá upphafi landnáms. Sjósókn og sjávarútvegur hefur verið mikilvæg atvinnugrein fyrir Vestfirðinga frá alda öðli enda stutt á gjöful fiskimið og undirlendi til landbúnaðar af skornum skammti. Landareign kirkjunnar á Eyri var staðsett ofarlega á Skutulsfjarðareyri, nærri fjallsrótum. Talið er að kirkja hafi staðið þar frá kristnitöku og kemur hún fram í máldögum kirkjunnar frá 13. öld. Verslun hófst snemma í Skutulsfirði og talið að allt frá landnámsöld hafi verið verslað á Eyrinni, en hún verður svo að verslunarstað í einokunarversluninni árið 1602.⁶

2.1 Neðstikaupstaður

Lengi vel var ekki byggt varanlega yfir verslunina á Skutulsfjarðareyri enda var hún aðeins starfrækt á sumrin.⁷ Árið 1765 hefst verslun allt árið⁸ og timburhúsaþyrping byggðist upp neðst á Skutulsfjarðareyri þar sem þá var aðeins mjór tangi. Vísir að þéttbýli fer að myndast á síðari hluta 18. aldar og sjö hús standa á Skutulsfjarðareyri árið 1774 og brátt bættust fleiri í hópinn.⁹ Þyrpingin fékk síðar nafnið Neðstikaupstaður og er elsta húsaþyrpingin á öllu landinu. Elst húsanna er krambúð einokunarverslunarinnar frá 1757, svo er íbúð factorsins sem byggt var 1765, Tjöruhúsið frá 1781 og svo Turnhúsið frá 1784.¹⁰



Mynd 11. Ljósmynd af Neðstikaupstað frá 1885. Ljósmynd í eigu Byggðasafns Vestfjarða (ljósmynd frá Ljósmyndasafninu Ísafirði).

Verslun dönsku einokunarverslunarinnar var starfrækt í Neðstikaupstað til ársins 1788 en var svo í eigu ýmissa erlendra kaupmanna allt til 1883 þegar Ásgeirsverslun tók við rekstrinum. Árið 1975 voru húsinn friðuð til að forða þeim frá eyðileggingu.¹¹ Þau hafa nú verið endurgerð af mikilli vandvirkni og hýsa í dag m.a. Byggðasafn Vestfjarða, en búið er í tveimur húsum. Veitingahús er rekið í Tjöruhúsinu.

⁶ Ólína Kerúlfr Þorvarðardóttir, 2017, Ragnar Edvardsson, 2019

⁷ Byggðasafn Vestfjarða, á.á.

⁸ Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993


⁹ Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993

¹⁰ Byggðasafn Vestfjarða, á.á.

¹¹ Páll Ásgeir Ásgeirsson, 2012

2.2 Hæstikaupstaður

Árið 1788 hafði einokunarversluninni verið aflétt og þá var Ísafjörður einn sex kaupstaða á landinu sem fengu kaupstaðarréttindi. Þá komu kaupmenn frá Björgvin í Noregi, kallaðir Björgvinjarmenn, til hins nýstofnaða kaupstaðar Ísafjarðar og hófu verslun. Þeir byggja Hæstikaupstað ofar á eyrinni sem lengst frá dönsku kaupmönnum á Suðurtanga.¹² Kortið hér fyrir neðan er teiknað af Björgvinjarmönnum og sýnir byggðina um það leyti árið 1789. Þeir reistu þrjú hús árið 1788 og alls átta hús á næstu þremur árum. Aðeins eitt stendur nú eftir af þessum húsum, faktorshúsið, sem hefur verið breytt mikið en var friðað árið 1975.^{13 14}



Mynd 12. Skýringarmynd byggð á uppdrætti Björgvinjarmanna af Skutulsfirði og Skutulsfjarðareyri frá 1789 (Byggt á korti úr Sögu Ísafjarðarbæjar).

¹² Jón Þ. Þór, 1984.

¹³ Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993

¹⁴ Bragi Bergsson, 2021



Mynd 13. Ljósmynd af Hæstikaupstað frá 1900, faktorshúsið er lengst til hægri og sölubúðin lengst til vinstri (Ljósmynd frá Ljósmyndasafninu Ísafirði).

Björgvinjarmenn gáfust fljótt upp á versluninni og seldu hana Ólafi Thorlaciusi árið 1795. Annað hús sem nú er oft kennt við Hæstikaupstað er sölubúðin sem byggð var 1873 eftir að eldri sölubúð var rifin sama ár.¹⁵ Fram yfir 1920 var fiskur saltaður og þurrkaður á reitunum í Hæstikaupstað og síðar var þar byggður upp almenningsgarður sem fékk nafnið Austurvöllur.¹⁶

¹⁵ Jón Páll Halldórsson, 1976

¹⁶ Bragi Bergsson, 2012.

2.3 Miðkaupstaður

Árið 1816 missti bærinn kaupstaðarréttindi sín og sama ár hófu kaupmenn frá Sønderborg í Danmörku verslunarrekstur á Ísafirði. Þeir fá lóð mitt á milli kaupstaðanna tveggja, í Miðkaupstað svokölluðum og reistu þar tvö hús. Annað þeirra stendur enn í Aðalstræti 12. Í kjölfarið fer bærinn að stækka smátt og smátt þó að allt fram til ársins 1830 væri byggðin bundin við kaupstaðina þrjá. Víðáttumiklir saltfiskreitir setja jafnframt svip sinn á bæinn.¹⁷



Mynd 14. Mynd af Miðkaupstað þar sem horft er upp eftir Aðalstræti. Í fjarska má sjá Hæstakaupstað þar sem flaggað er á sölubúðinni. ([Mynd í eigu Þjóðminjasafnsins](#)).

¹⁷ Jón Þ. Þór, 1984. Húsakönnun, 1993

2.4 Þéttbýli myndast

Íðnaðarmenn og verkafólk tók að flytja til bæjarins um miðja 19. öld. Íbúar höfðu lífsviðurværi sitt af störfum tengdum kaupstöðunum þremur, Neðstakaupstað, Miðkaupstað og Hæstakaupstað og þeir mynduðu hver sinn sérstaka byggðakjarna. Nýju íbúarnir byggðu sér lítil hús milli stórra reita sem verslanirnar þurftu til að þurrka saltfisk og slóðar tengdu þá saman. Hver verslun átti jafnframt sína bryggju sem lá út í Pollinn með brautum til útskipunar. Allir sem vettlingi gátu valdið unnu við verkunina með einum eða öðrum hætti og þetta allt setti mark sitt á uppbyggingu bæjarins. Samhliða þessu eykst þjónustan í bænum og þar með lífsgæði bæjarbúa.¹⁸

Íbúafjöldinn margfaldast á þessum tíma og sem dæmi voru einungis 23 íbúar á Ísafirði árið 1816 en árið 1863 hafði þeim fjölgað í 214. Á mynd 15 sést kortlagning á byggð á Skutulsfjarðareyri árin 1816 og 1860.¹⁹ Þar sést hvernig byggðin óx á milli þessara ára og þyrping lítilla húsa fer að myndast án skipulags á miðri eyri. Samfelld byggð húsa fer loks að myndast á milli Hæsta- og Miðkaupstaðar sem sum hver standa enn í dag. Húsin frá þessum tíma eru timburhús sem hafa oft verið stækkuð með lengingu eða viðbyggingum og mörg þeirra eru sambyggð.²⁰ Þarna byrja að myndast fyrstu vísar að götunum Aðalstræti, Brunngötu, Sundstræti, Smiðju-, Tanga-, Þver- og Skipagötu.²¹

¹⁸ Jón Þ. Þór, 1984. María Guðbjörg Jóhannsdóttir, 2015

¹⁹ Kristinn Nikulás Edvardsson, 2011

²⁰ Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993

²¹ Kristinn Nikulás Edvardsson, 2011



Mynd 15. Byggð á Skutulsfjarðareyri árin 1816 og 1860 þéttbýli fer fyrst að myndast á Ísafirði. Kortlagning Kristins Nikulásar Edvardsonar²².

Ísafjörður endurheimti kaupstaðarréttindi sín árið 1866 og sama ár tók fyrsta byggingarnefndin til starfa. Hún hafði það verkefni að koma skipulagi á byggðina og ákveða hvar skyldi leggja götur og torg. Þá hafði einnig verið stofnaður Sjómannaskóli með tilkomu aukins þilskipaflota. Á þessum tíma verða fyrstu róttæku breytingarnar á Strandlínunni með Dokkunni, innbyggðri hafnarlegu við enda Skipagötu og Sundstrætis.²³

Landsvæði eyrarinnar var orðið þröngt á síðari hluta 19. aldar enda voru fiskþurrkunarreitirnir plássfrekir. Ísafjörður keypti land Eyrar árið 1872 og með því stækkaði landsvæði bæjarins. Kaupstaðirnir þrír

²² Kristinn Nikulás Edvardsson, 2011

²³ Jón Þ. Þór, 1984. Jón Þ. Þór, 1986.

höfðu hver um sig talsvert svæði til umráða. Nestikaupstaður réði yfir Suðurtanga og þar var allt land nýtt til fiskverkunnar en engin íbúðabyggð leyfð. Hæstikaupstaður var með stærsta landsvæðið af kaupstöðunum, réð yfir stórum hluta af Eyrinni norðanverðri og nýtti það undir fiskverkun að mestu, en svæðið sést vel á mynd 15. Míðkaupstaður var með stórt hafnarsvæði við Aðalstræti. Tveir kjarnar fóru að myndast í kringum fiskverkunarsvæði Hæstikaupstaðar og smátt og smátt fór þéttleikinn að aukast og götumyndin að taka á sig núverandi mynd.²⁴



Mynd 16. Fiskverkunarreitir höfðu mótandi áhrif á byggðaupróun Ísafjarðar lengi vel (ljósmynd frá Ljósmyndasafninu Ísafirði).

²⁴ Jón Þ. Þór, 1984. Jón Þ. Þór, 1986. María Guðbjörg Jóhannsdóttir, 2015.

2.5 Fyrri hluti 20. aldar

Þegar komið er fram á 20. öld hafði Ísafjörður þróast úr verslunarstað með stökum húsabyrpingum í þéttbýli með bæjarbrag. Um aldamótin 1900 var Ísafjörður blómlegur bær með fjölskrúðugt mannlíf og orðinn þriðji fjölmennasti kaupstaður landsins. Atvinnulífið var í blóma, enda sköpuðu skútuútgerðin og saltfiskverkunin verðmæta útflutningsvöru. Erlendum kaupmönnum fylgdu jafnframt nýir siðir frá borgarastéttum í nágrennalöndunum. Íbúar nutu góðs af þessum umsvifum og iðnaðarmönnum og verkafólki fjölgaði áfram í bænum. Alþýðunni buðust fjölbreyttari störf og eignalaust fólk gat stofnað sér heimili og lifað á vinnu sinni.²⁵

Byggðin hélt áfram að þéttast á Eyrinni en var þó enn klofin í tvennt af fiskþurrkunarreit Hæstakaupstaðar, sjá mynd 18. Strandlínan tók að breytast með fleiri og lengri bryggjum sem setja svip á Pollinn en bæjarbryggjan var umferðar- og flutningsmiðstöð íbúa. Fyrsti togarinn kom til Ísafjarðar árið 1913 og húsum tengdum sjávarútvegi fór að fjölga. Fólksfjölgun var mjög skjót og á fyrstu 20 árum 20. aldar fjölgaði íbúum úr 1067 í 1969.²⁶

Fyrirmenn s.s. kaupmenn byggðu glæsileg hús við aðalgöturnar, Aðalstræti, Hafnarstræti og Silfurgötu, en almenningur byggði sér lítil hús við þröngar götur. Aðalgöturnar mættust á Silfurtorgi sem þá stóð við sjóinn og er enn í dag aðaltorg bæjarins. Á þessum tíma hafði strandlínan mótast nokkuð af hafnarstæðum en strandlínan var þó nokkuð ólík þeirri sem við þekkjum í dag. Gömlu húsini við Sundstræti og Fjarðarstræti stóðu alveg út við fjöruna á Norðurtanga og því í góðum tengslum við sjóinn. Við Sundstræti eða Bakkana svokölluðu

var krökt af bátum við fjöruna og iðandi mannlíf. Frá Fjarðarstræti var útsýni yfir fjarðarmynnið og út á Djúpið, en gatan er andlit bæjarins þegar komið er af sjó.²⁷ Suðurtanginn var ennþá bara mjó lengja sem teygði sig til suðurs og tengdi Neðstikaupstað við restina af byggðinni, eins og sjá má á kortinu hér fyrir neðan frá 1913.



Mynd 17. Kort danskra landmælingamanna af Ísafirði árið 1913.

²⁵ Sigurður Pétursson, 2011. Ragnar Edvardsson, 2019

²⁶ Jón Þ. Þór, 1984. Jón Þ. Þór, 1986. María Guðbjörg Jóhannsdóttir, 2015. Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993

²⁷ Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993

Meðal áberandi mannvirkja frá fyrstu árum 20. aldar má nefna Barnaskólahúsið frá 1901 og bryggjuhús og bryggju Edinborgarverslunar sem reis árið 1907. Framhlið grunnskólans má ennþá sjá á hluta núverandi skólabyggingar og Edinborgarhúsið var gert upp árið 2007 og margvísleg starfsemi er í húsinu í dag á sviði lista, menningarviðburða, ferðapjónustu og veitingareksturs. Mörg glæsilegustu timburhús bæjarins eru jafnframt frá þessum tíma og þéttbýlið fór að taka á sig mynd. Götuskipan hefur í flestum tilfellum haldið sér í eldri hverfunum á Eyrinni.²⁸




Mynd 18. Ljósmynd af Eyrinni frá því um 1930-1940. Mynd í eigu byggðasafnsins Vestfjarða Hvítir saltfiskreitirnir sjást vel auk fystu hafnarframkvæmdanna (ljósmynd frá Ljósmyndasafninu Ísafirði).

²⁸ Edinborg - Menningarmiðstöð, á.á., Húsakönnun, 1993

2.6 Fyrsta lögformlega skipulagið

Fyrsta lögformlega skipulagið á Íslandi var unnið fyrir Ísafjörð árið 1927. Það var m.a. unnið af Guðmundi Hannessyni, Geir G. Zoega og Guðjóni Samúelssyni sem voru miklir áhrifamenn í skipulagsmálum á sínum tíma og sátu í skipulagsnefnd ríkisins. Guðmundur hafði nýlega gefið út ritið *Um skipulag bæja* þar sem hann gagnrýndi margt við þáverandi bæjarbyggð á Íslandi, þar á meðal Ísafjörð, s.s. að byggðin væri of handahófskennd og sundurlaus.²⁹



Mynd 19. Hluti skipulagsuppráttur af Ísafirði frá 1927.

²⁹ Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, 2016

Skipulagið frá 1927 gerði ráð fyrir sambyggðum húsalengjum á Eyrinni og niðurrifi flestra eldri húsa bæjarins. Segja má að það hafi haft mest áhrif á hluta miðbæjarins s.s. Silfurtorg, Hafnarstræti og neðsta hluta Aðalstrætis.³⁰ Hins vegar þegar á heildina er litið hafði skipulagið í raun ótrúlega lítil áhrif á meginþorra byggðarinnar á Eyrinni og þar standa enn þá mörg hús sem skipulagið gerði ráð fyrir að myndu víkja fyrir nýrri byggð. Þetta sést vel þegar skipulagið er borið saman við uppdrátt sem sýnir aldur núverandi byggðar, sjá mynd 20 hér að neðan.³¹ Skipulagið var umdeilt sem gæti skýrt þetta að einhverju leyti, en það sem var byggt skv. því er t.d. Hafnarstrætislengjan og sjúkrahúsið. Mögulega þróaðist þetta þó einnig svona vegna skorts á fé, íbúar hafi einfaldlega ekki haft fjármagn til að byggja ný hús og því haldið þeim gömlu við eftir fremsta megni.



Mynd 20. *Uppdráttur sem sýnir byggðina í gamla bænum á Ísafirði og aldur bygginga. (uppdráttur úr bókinni Íslenskur bæjarbragur - Aldarspegill).³²*

³⁰ Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993, Ísafjarðarbær, 2009

³¹ Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, 2016

³² Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, 2016

2.7 Miðbik aldarinnar

Árið 1923 festi Ísafjarðarkaupstaður kaup á fiskverkunarsvæðinu við Hæstakaupstað sem þangað til hafði skapað stórt gap í byggðinni. Á þessu svæði voru byggðar stórar steinsteypubyggingar á næstu áratugum og Austurvegur myndast. Þó að þessar byggingar hafi ekki strangt til tekið fylgt skipulaginu frá 1927 má segja að þær séu í svipuðum stíl og þar var gert ráð fyrir. Fyrstur reis Gagnfræðaskólinn árið 1939 og Grundargötublokkin svokallaða árið eftir, en síðar bættist við Sundhöllin árið 1945 og húsmæðraskólinn Ósk 1948. Öll eru þessi hús í fúnkisstíl og múrhúðuð með skeljasandi eða steinmulningi líkt og tíðkaðist á þessum árum. Þessi hús eru áberandi í umhverfinu og mynda samstæða heild auk íbúðarhússins við Austurveg 7. Gagnfræðaskólinn hefur verið tengdur gamla barnaskólanum með stórri tengibyggingu.³³



Mynd 21. *Norðurhluti Eyrarinnar árið 1966. Horft inn Austurveg og fremst sést bryggjan sem áður lá þaðan út í Pollinn (ljósmynd frá Ljósmyndasafninu Ísafirði).*

³³ Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993, Bragi Bergsson, 2022

Almenningsgarðurinn Austurvöllur við Hæstakaupstað á rætur sínar í skipulaginu frá 1927, en verður þó ekki til fyrr um miðja 20. öldina. Austurvöllur var hannaður af Jóni H. Björnssyni sem var fyrsti íslenski landlagsarkitektinn og hefur varðveist vel til dagsins í dag.³⁴

2.8 Seinni hluti 20. aldar

Um miðja öldina fór að fara meira fyrir áhrifum umferðaverkfræði í borgarskipulagi. Bílaöldin tók við og gatnakerfi bæja, útfærsla gatna og tilhögun bygginga fóru að taka mið af því. Því fylgdi dreifðari byggð og meiri aðgreining gatna og byggðar.³⁵ Segja má að gamla byggðin innan verndarsvæðisins á Eyrinni hafi orðið fyrir ótrúlega litlum áhrifum af þessum breyttu áherslum. Nokkrar nýrri byggingar bættust við á landfyllingum umhverfis eldri byggðina sem gerði það að verkum að hús sem áður stóðu alveg úti í fjöru voru slitin frá sjónum, sjá mynd 23 hér til hliðar. Einnig hafa einhver eldri húsana verið rifin síðan 1958, mest við Brunngötu og hluta Tangagötu en algengt er að bílastæði séu í dag þar sem áður stóðu hús.

Landslag eyrarinnar sjálfrar hefur tekið miklum breytingum og stórfelldar landfyllingar hafa bæst við með nýju hafnarsvæði og rými fyrir stórar byggingar og bílastæði. Þetta má glögglega sjá þegar bornar eru saman loftmyndir frá 1958 og 2020 hér til hliðar. Pollgata hefur bæst við og umbreytt landslagi Pollsins þar sem litlu bryggjurnar hafa vikið fyrir breiðri akbraut á landfyllingu. Svipuð braut var fyrirhuguð norðan eyrarinnar í lok 20. aldar en fallið var frá því í núgildandi aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. Í dag er einu upphaflegu fjöruna á Eyrinni að finna hjá Neðstakaupstað.



Mynd 22. Loftmynd af Skutulsfjarðareyri árin 1958 (efri) frá LMÍ og 2020 (neðri) af Google.

³⁴ Bragi Bergsson, á.á.

³⁵ Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, 2016

3. Fornleifaskráning

Fyrir liggur fornleifaskráning fyrir það svæði sem lagt er til að verði verndað. Ragnar Edvardsson tók að sér að skrá minjar á svæðinu vegna verkefnisins.

Minjarnar í fornleifaskráningunni eru í öllum tilfellum byggingar, mest ýmist gömul verslunarhús eða íbúðarhús. Þetta eru hús sem byggð voru á síðari hluta 18. aldar og fram á fyrri hluta 20. aldar og standa að miklu leyti óbreytt. Sum hafa þó orðið fyrir breytingum. Húsin hafi fyrst og fremst byggst upp í kringum kaupstaðina þrjá, þ.e. Neðsta-, Mið- og Hæstakaupstað frá 18. og 19. öld. Á þessum svæðum eru mestar líkur á að fornminjar leynist sem gætu komið í ljós við hvers konar framkvæmdir.³⁶

Þar kemur einnig fram að mikilvægt sé að vernda minjar við bæjarstæði Eyrar en það er þó utan þess svæðis sem hér er verið að fjalla um. Bæjarstæði Eyrar mikilvægt þar sem að þar er að finna elstu sögu byggðar á Skutulsfjarðareyri en svæðið hefur þegar orðið fyrir talsverðu raski, t.d. byggingu gamla sjúkrahússins, leikskólans, ofl. Því er mikilvægt að vernda það litla sem eftir er af bæjarstæði Eyrar til að elsta saga Ísafjarðarbæjar verði ekki eyðileggingu að bráð.³⁷

Minjar og verndarflokkar húsa samkvæmt lögum um menningarminjar má sjá á kortinu á mynd 23 hér til hliðar. Öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára og eldri eru friðuð skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.



Mynd 23. Staðsetning fornleifa, friðlýstra-, friðuðra- og umsagnarskyldra húsa.

³⁶ Ragnar Edvardsson, 2019

³⁷ Ragnar Edvardsson, 2019

4. Staða í skipulagi


4.1 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Landnotkunarreiti innan verndarsvæðisins í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 má sjá á mynd 25. Innan íbúðasvæðis Í5 á að endurheimta fyrri hús og þetta byggð. Á þjónustusvæði Þ10 er áhersla á fjölbreytilegt og heilsusamlegt umhverfi og gott aðgengi. Á þjónustusvæði Þ11 er lögð áhersla á að líta á gömlu húsin og fjöruna sem heild. Á miðsvæði M4 er lögð áhersla á eflingu miðbæjar með þéttum, líflegum og aðlaðandi kjarna. Einnig sé fjölbreytt verslun og þjónusta og íbúðir og góð tenging við náttúru. U14 er Skipagöturóló þar sem áhersla er á góð leiktæki. Annars er á öllum þessum svæðum vísað til hverfisverndar svæðisins.

Verndarsvæðið er allt innan hverfisverndaðs svæðis í aðalskipulaginu, nánar tiltekið H8, H12 og H13, sjá hvítstrikad svæði á mynd 2.

Samkvæmt ákvæðum hverfisverndar H12 fyrir Neðstikaupstað á öll uppbygging á svæðinu að miða að varðveislu sögu- og menningarminja og auka möguleika svæðisins sem safnasvæðis. Breytingar skulu gerðar í samráði við Húsafriðunarnefnd ríkisins og gæta þess að uppbygging til að auka aðgengi að fjörunni skerði ekki verndargildi svæðisins. Austurvöllur er einnig hverfisverndaður sem Skrudgarður þar sem upprunaleg hönnun er vernduð, óheimilt að skerða umfang garðsins og gott aðgengi að honum sé tryggt.

Á hverfisverndarsvæði Skutulsfjarðareyri H8 er lögð fram verndarstefna sem einnig vísar til gerð rammaskipulags um svæðið ekki síður en 2011, en það hefur ekki verið unnið. Stefna fyrir svæðið skiptist í þrjá hluta, byggingar, umhverfi og önnur ákvæði og svo framkvæmd, sjá beina tilvitnun hér til hliðar.



Mynd 24. Úrklippa úr þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Byggingar

Hús sem eru byggð fyrir 1918 og eru uppstandandi skulu gerð upp að utan skv. rammaskipulagi. Miða skal við upprunalegt horf eða það horf sem viðheldur verndargildi hússins sem best. Hús með verndargildi skulu ekki fjarlægð. Heimilt er að færa til hús með verndargildi þannig að það falli betur að byggðinni enda verði sýnt fram á það að um heildarhagsmuni sé að ræða. Heimilt er að endurbyggja, að hluta eða í heild, hús með verndargildi. Leitast skal við að halda í þá hluti sem nýtanlegir eru. Hvetja skal til þess að endurreisa horfin hús sem líkleg eru til að bæta heildaryfirbragð hverfisins eða eru sögulega mikilvæg. Staðsetning og mótun nýrra bygginga á hverfisvernduðu svæði skal falla að hefðum og arkitektúr þess tíma sem miðað er við í uppbyggingu hverfisins. Heimilt er að breyta yfirbragði húss þannig að það falli betur að yfirbragði hverfisins og einkennandi arkitektúrs þess tíma er hverfið byggðist upp. Þetta á ekki við ef húsið er talið hafa

verndargildi, vegna sögu eða arkitektúrs, í núverandi mynd.

Hugað skal sérstaklega að gæðum í efnisvali og handverki. Sýnilegir hlutar skulu ekki vera falskir, s.s. lausir gluggapóstar eða eftirlíkingar af timburklæðningum.

Heimilt er að byggja við hús á svæðinu.

Viðbyggingar skulu hafa sama yfirbragð og aðalbyggingin, þ.e. í samræmi við þann arkitektúr sem einkennir húsið. Efnisval í viðbyggingum skal vera það sama og í aðalbyggingunni. Stærð viðbygginga skal vera þannig að aðalbygging haldi sínum sessi. Við allar breytingar og nýbyggingar húsa skal vernda heilleika bygginga og taka mið af yfirbragði byggðar, staðsetningar á lóð, byggingarmagns á svæðinu, hlutfalla, hæðar, þakforma, lína, rytma, efnisnotkunar og annars útlits, s.s. glugga, girðinga og annarra mannvirkja á lóð.

Ákvæðin verða nánar útfærð í rammaskipulagi hverfisvernduðu svæðanna.

Umhverfi og önnur ákvæði

Umhverfi húsa og á almenningssvæðum skal vera í samræmi við hefðir og arkitektúr þess tíma sem miðað er við í uppbyggingu hverfisins. Þetta á við um girðingar, lýsingu, yfirborðsefni, almenningsefni o.þ.h. Hugað skal að heildarásýnd hverfisins með metnaðarfullum aðgerðum og útfærslum, s.s. hellulögnum gatna og gangstétta.

Fyrirkomulag lýsingar skal ákveðið í rammaskipulagi. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir, þannig að lýsingin undirstriki einkenni byggðarinnar. Jafnframt skal hugað að öryggi og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af.

Á Ísafirði miðist starfsemi á jarðhæð Aðalstrætis, frá Silfurgötu að Skipagötu og Hafnarstrætis, frá Pólgötu að Aðalstræti, við daglega viðskiptavini. Á sama svæði verði gluggar verslunarhúsnæðis gegnsærir.

Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og menningar á svæðinu.

Gömul örnefni og gönguleiðir verði endurvakin og notuð.

Jafnframt verði aðgengi almenninga að menningar- og náttúruminum tryggt.

Framkvæmd

Rammaskipulagið skal liggja fyrir eigi síðar en á árinu 2011. Upplýsingar um hverfisvernd og rammaskipulag verða vel kynntar og aðgengilegar á skipulagstímabilinu. Sérstaklega verður fjallað um ávinning, hvata og framkvæmd rammaskipulagsins. Aðkoma almenninga í ákvarðanatökuferli verður tryggð og útfærð nánar í rammaskipulagi.

Leitað verður áhlits sérfræðinga og/eða stofnana þegar um meiriháttar breytingar á ásjón svæðanna er að ræða. Framkvæmd aðalskipulagsins verður fylgt eftir í samvinnu við opinberar stofnanir, m.a. Húsafríðunarnefnd ríkisins.

4.2 Deiliskipulag

Á svæði Neðstikaupstaðar og nágrenni er í gildi Deiliskipulag Suðurtanga, íbúðar- og þjónustusvæðis frá árinu 2015. Markmið deiliskipulagsins er að skapa rými fyrir íbúðarbyggð þar sem gæðin byggjast á góðu aðgengi að sjó, aðstöðu fyrir sjósport og nálægð við miðbæ og þjónustu. Markmiðið er jafnframt að efla umhverfi minja sem eru á svæðinu og tryggja vernd þeirra. Þá er einnig lögð áhersla á að innan svæðisins verði mögulegt að efla þjónustu við bæði íbúa og gesti.


Gamla byggðin á Eyrinni var deiliskipulögð árið 1997 í Deiliskipulagi Eyrarinnar. Þar er áhersla á verndun og viðhald elstu byggðarinnar og göturnar þar skilgreindar sem vistgötur þar sem gangandi umferð hefur forgang. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir stórum landfyllingum umhverfis Eyrina alla með nýrri byggð og stórum stofngötum. Skipulagið byggir á eldra aðalskipulagi en í núgildandi aðalskipulagi hefur verið horfið frá þessum miklu landfyllingum norðan- og vestanmegin byggðarinnar auk tilheyrandi bílastæðum og umferðaræðum.

5. Greining á svipmóti byggðarinnar

Gamla byggðin á Skutulsfjarðareyri er vitnisburður um fyrstu skref þéttbýlismyndunar á Íslandi. Þar má sjá upphaf byggðar sem hefst með kaupmönnum frá Danmörku og Noregi sem ákveða að hefja verslun og þurfa því að byggja hús í fjarlægu landi. Afturhvarf til tíma þar sem ný tækifæri, drifin áfram af veiðum og verslun með fisk, verða til þess að þjóð sem hafði alltaf búið í sveitum og stundað landbúnað, fer að byggja sér heimili á „mölinni“ og róa til fiskjar. Þar er að finna götur sem verða að stórum hluta til fyrir tíma eiginlegs skipulags og áður en bílar tóku yfir göturými. Þar eru einnig byggingar sem endurspeglu ólíkan efnahag íbúa og lífsstíl á mismunandi tímabilum sögunnar. Svipmót byggðar sem segir sögu Ísafjarðar.

Greiningu á svipmóti byggðarinnar er hér skipt í fjögur þemu;

- *Falinn fjársjóður* - svipmót landslags
- *Verslun og fiskur* - bær mótaður af saltfisk
- *Fágæt göturými* - upplifun vegfarandans
- *Bernskuár þéttbýlis* - byggingaheildir sem segja sögu



Mynd 25. Fjögur þemu í greiningu á svipmóti byggðarinnar.


5.1 Falinn fjársjóður

Það er dýrmætt fyrir Ísfirðinga og Íslendinga alla að gamla byggðin á Eyrinni hafi varðveist eins vel og raun ber vitni. Landslag eyrarinnar sjálfar hefur jafnframt haft mikil áhrif á það hvernig byggðin á Ísafirði þróaðist. Form byggðarinnar endurspeglar þannig einnig að mörgu leyti samspil byggðar og náttúru við upphaf þéttbýlismyndunar á Íslandi.

Í fyrsta lagi er góð höfn á Skutulsfjarðareyri og stutt á fengsæl fiskimið, sem hafa skapað forsendur þéttbýlisins allt frá upphafi. Fjörðurinn er þröngur, fjöllin brött og byggðin því í mikilli nálægð við tilkomumikla náttúru. Útkoman er sú að bæjarstæði Ísafjarðar býður upp á magnaða landslagsupplifun þar sem flatlendi eyrarinnar, umkringgt hafi, er umlukið tilkomumiklum fjöllum.

Í öðru lagi hafa brattar fjallshlíðarnar sett byggðinni skýrar skorður þegar hún fer að stækka og þenjast út með tímanum. Þetta gerir það að verkum annars vegar að byggðin hefur byggst upp nokkuð þétt í gamla bænum og náð snemma alveg út að ströndinni. Hins vegar hefur skortur á landrými líklega haft sitt að segja þegar kemur að gerð landfyllinga á Eyrinni á 20. öldinni. Strandlína eyrarinnar sjálfar hefur þannig gjörbreyst og í dag umkringja landfyllingar gömlu Eyrina á alla kanta. Þetta má sjá glögglega þegar kort frá 1913 er borið saman við núverandi byggð á mynd 26.

Landfyllingunum fylgja einnig ný mannvirki. Í dag eru því yfirleitt nýrri og stærri hús sem umkringja minni og eldri húsinn á Eyrinni miðri. Gamla fíngerða byggðin á Eyrinni er því víða í hvarfi utanfrá, eins og falinn fjársjóður sem íbúar geyma og aðkomumenn fá að uppgötva.




Mynd 26. Kort frá 1913 lagt ofan á útlínur af núverandi byggð. Eins og sjá má hefur strandlínan breyst mikið á þessum árum..

5.2 Verslun og fiskur

Kaupstaðirnir þrír, Neðstikaupstaður, Miðkaupstaður og Hæstikaupstaður eru kveikjan að þéttbýlinu á Ísafirði. Því mætti segja að þéttbýlið hafi komið til vegna erlendra áhrifa með skandinavískum kaupmönnum. Umsvifin sem þeim fylgdu skapaði vettvang fyrir fjölbreytt störf sem svo vindur upp á sig og þéttbýli fer að myndast. Ný tækifæri verða til í þessu nýja umhverfi sem bændapjóðin hafði áður ekki kynnst. Varðveisla upprunalegra bygginga í öllum þremur kaupstöðunum er merkilegur arfur og menningarlegt mikilvægi þeirra greinilegt með núverandi nýtingu; s.s. byggðasafnið í Neðstikaupstað og menningarmiðstöðin í Edinborgarhúsinu í Miðkaupstað.

Lifibrauð kaupstaðanna var útgerð og verslun með saltfisk. Áhugavert er að sjá hvernig mikilvægi saltfisksins hefur einnig bein áhrif á þróun byggðarinnar allt fram á 20. öld, því taka þurfti frá pláss fyrir fiskþurrkunarreiti. Landrými var af skornum skammti og mikilvægt að hafa land til að þurrka saltfisk. Mest áberandi dæmið um þetta er svæðið suðaustan við Hæstikaupstað þar sem byggingar frá 4. og 5. áratug 20. aldar byggjast inni í miðjum bæ á svæði sem þá var óbyggt vegna fiskþurrkunar, sjá mynd 26, 27 og 28.

Einnig hefur mikilvægi fiskveiða í seinni tíð endurspeglast í miklum hafnarframkvæmdum og landfyllingum á Eyrinni. Þetta samspil sýnir okkur hvernig kröfur fiskveiða til borgarlandsins eru breytilegar á hverjum tíma.




Mynd 27. Kaupstaðirnir þrír og leiðin á milli þeirra - Aðalstræti. Gamla strandlínan er merkt með gráu og svæði sem var notað fyrir fiskþurrkun 1913 er skásett.



Mynd 28. Byggð og saltfiskur. Myndir danskra landmælingamanna frá upphafi 20. aldar.

Upprunalega leiðin á milli kaupstaðanna þriggja hefur einnig varðveist að mestu. Hún er ennþá ein af aðalgötum bæjarins, Aðalstræti, sannkölluð söguð og leið sem fólk hefur gengið í 250 ár. Aðalstræti liggur jafnframt í gegnum Silfurtorg, mætir þar Hafnarstræti og skapar þungamiðju miðbæjarins enn í dag. Út frá Silfurtorgi liggur einnig Silfurgata, þröng gata sem áður var ein aðalgatan. Við þessar götur eru sum glæsilegustu eldri húsin sem sýnir menningarlegt mikilvægi þessara gömlu tenginga.

Eldri hús hafa því oft fengið að víkja fyrir nýrri byggingum á þessari mikilvægu leið. Byggingar eru því frá ólíkum tímum og sýna því dæmi um ólíka byggingarstíla frá upphafi þéttbýlis fram á okkar daga. Enn í dag er hægt að ganga leiðina á milli kaupstaðanna þriggja og setja sig í spor Ísfirðinga fyrri tíma.



Skýringarmynd sem sýnir húsin við Aðalstræti árin 1910, 1960 og 2009. Byggt á hugmynd og útfærslu Ómars Smára Kristinssonar.

Mynd 29. Húsin í Aðalstræti á mismunandi tímum.³⁸

³⁸ Byggt á skýringarmynd Ómars Smára Kristinssonar frá 2009

5.3 Fágæt bæjarrými

Svipmót byggðarinnar er best að upplifa á ferðalagi um göturými bæjarins eða með því að staldra við á torgum og almenningsgörðum. Mannlegur skali er í forgangi á þessum svæðum enda eru þau byggð á þeim tíma þegar fólk fór fótgangandi á milli staða.



5.3.1 Göturými


Það eru ekki síst göturýmin í gamla bænum á Eyrinni sem skapa merkilega heild. Yfirborð gatna hefur í mörgum tilfellum verið endurnýjað með fallegum hætti og þrengstu göturnar eru vistgötur með blandaðri umferð þar sem fótgangandi hafa forgang. Húsin eru margvísleg af stærð og gerð og endurspeglu ólíkan efnahag íbúa og tímabil í byggingasögunni. Víða má í sömu andrá sjá glæsileg hús efnafólks, byggð eftir nýjustu tísku síns tíma og látlaus hús almúgans sem oft voru byggð af vanefnum. Oft hefur verið byggt við húsin og á mörgum þeirra er forstofan höfð utan við húsið, með svokölluðu bíslagi sem brýtur skemmtilega upp aðkomuna að húsinu.

Flatlendi eyrarinnar hefur gert það að verkum að göturnar eru yfirleitt nokkuð hornréttar og húsum yfirleitt skipað hornrétt á lóðir þó þau séu ekki alltaf í beinni línu. Eldri lóðirnar eru minni, óreglulegri í laginu og liggja þéttar saman.³⁹ Stór hluti húsanna eru byggð fyrir tíma eiginlegs borgarskipulags og uppröðun þeirra virðist því stundum nokkuð tilviljanakennd. Þetta samspil skapar oft þröng göturými sem bjóða upp á skemmtileg uppbrot og áhugaverð smáatriði og hefur þýðingu fyrir ásýnd svæðisins.

³⁹ Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1993, María Guðbjörg Jóhannsdóttir, 2015

Allir þessir þættir gera það að verkum að víðast hvar eru þetta smágerð og afmörkuð göturými sem umlykja vegfarandann. Stundum eru húsin alveg upp við götuna sem skapar mikla nálægð við heimili íbúanna og við það verða smáatriði í byggingarstíl vel greinileg. Göturýmið skapar aðstæður fyrir gott nærveður, með sól og skjóli þegar vel viðrar.

Víða standa húsin aðeins aftar á lóðinni og þá verður til svæði milli götu og byggingar, oft mjög mjótt, þar sem aðkoma að húsinu og hluti garðs setur hlýlegan svip á göturýmið. Þetta er kallaður mjúkur götujúaðar þar sem íbúar hafa haft tækifæri til að auðga göturýmið, t.d. með gróðri, götugögnum eða öðrum hætti. Í fjarska ofan við lágreista byggðina má svo oft sjá glitta í fjöllin sem umlykja fjörðin. Víða eru staðir til að staldra við á sem gera göturýmin lifandi og skemmtileg fyrir vegfarandann. Öll þessi umlyking rammur göturýmið inn á einstakan hátt og spilar stóran þátt í svipmóti byggðarinnar.



Mynd 30. Skýringarmynd með umlykjandi göturýmum, mjúkum götujúaðrum og fjallasýn.

Götumyndir

Hér má sjá ýmis dæmi um göturými af ýmsum stærðum og gerðum á verndarsvæðinu. Yfirleitt er ekki útsýni til sjós en fjöllin gægjast víða yfir húsin.



Götujaðar

Ýmis dæmi um hvernig húsin mæta götunni með mismunandi hætti og móta götujaðarinn. Hér má einnig sjá nokkur dæmi um bíslag.



Staðir til að staldra við á

Ýmis dæmi um staði til að staldra við á í göturýmum og bakgörðum í gamla bænum.



Eftir húsakönnunina 1993 og með gerð deiliskipulags Eyrarinnar á árunum á eftir, voru flestar göturnar gerðar að einstefnugötum og botnlöngum, væntanlega út af öryggi barna við flokkun gatna. Lóðir láttnar ná saman og mikilvægar gönguleiðir lokaðar af. Á seinustu 25 árum hefur það valdið meiri bílaumferð. Þarna var einum af stærsta kosti og einkenni Ísafjarðar raskað: stuttar gönguvegalemdir og gott flæði til að erindast fótgangandi eða á hjóli fyrir alla aldurshópa.

Sumstaðar ber á því að hús hafa verið rifin og í staðin verið sett bílastæði. Þetta dregur á einhverjum stöðum úr heildarásýnd götummyndar s.s. við Brunngötu.

Afgerandi þáttur í upplifun vegfarandans á göturýminu er að það er í augnhæð. Notkun og ásýnd jarðhæða hefur mikil áhrif á götummyndina og mannlífið sem þar þrífst. Í aðal götunum, s.s. Aðalstræti, þar sem löng saga verslunar og þjónustu er fyrir hendi hafa virkar jarðhæðir megináhrif á upplifun vegfarandans. Þar er átt við starfsemi sem almenningur hefur aðgang að og er gjarnan opin út í götuna og auðgar mannlífið í umhverfinu. Í einhverjum tilfellum ber á því að virkum verslunarrýmum á jarðhæð hefur verið breytt í íbúðir þar sem lokað er fyrir glugga. Þetta er þróun sem ætti að sporna við til að vernda svipmót gömlu verslunargatnanna og viðhalda mannlífi í götum.

5.3.1 Torg og garðar

Almenningsrýmin á Eyrinni eru af ýmsum toga og þar er að finna margar gerðir torga og garða, hver með sé sín sérkenni. Í fyrsta lagi er um að ræða svæði sem tengjast kaupstöðunum þremur en starfsemi þeirra fylgdi líf og fjör. Það birtist ekki síst í almenningsrýmum í kring sem hafa að einhverju leyti varðveist og njóta má svipsmóts bygginganna í sólríku og skjólsælu umhverfi. Húsin í Neðstikaupstað umkringja fallett torg sem er um leið aðkoma að byggðasafninu. Yfirborð torgsins og frágangur ber vitni um fyrri tíma og þar hefur gamla hafnarsvæðið einnig varðveist. Í Miðkaupstað ramma húsin inn göturýmið sem liggur milli kaupstaðanna um Aðalstræti. Við Edinborgarhúsið vestanvert er huggulegt útisvæði þar sem sitja má úti þegar vel viðrar og lega gömlu bryggjunnar hefur verið mörkuð í stéttina með rauðri hellulögn í átt til sjávar.



Mynd 31. Turnhúsið og Krambúðið í Neðstikaupstað sem ramma inn torg á milli húsanna.



Myndir 32 og 33. Útisvæðið við Edinborgarhúsið í Miðkaupstað þar sem rauð hellulögn táknar legu gömlu bryggjunnar (efri mynd). Silfurtorg við Aðalstræti (neðri mynd).

Þar sem Aðalstræti mætir Silfurgötu er Silfurtorg, aðaltorg bæjarins og samkomustaður íbúa í gegnum tíðina. Þar kvíslast Aðalstrætið einnig og verður að Hafnarstræti til vesturs sem er ein aðaltenging við efri hluta bæjarins. Silfurtorg er fallett torg og hefur verið tekið í gegn af metnaði og er mikil bæjarþryði. Í dag liggur ráðhús Ísafjarðarbæjar einnig við torgið og þar er bæði gróður og bekkir til að staldra við.

Aðalstræti endar svo í fallegum almenningsgarði við Hæstakaupstað sem heitir Austurvöllur. Garðurinn er einfaldur og látlaus og mikilvægur hluti af fúnkis byggingarheildinni við Austurveg, sjá nánar kafla 4.4.4. Þar má njóta útiveru, gróðurs og útsýnis eftir Austurvegi út á sjó þar sem áður var leiðin út á bryggju frá Hæstakaupstað. Að síðustu ber að nefna Skipagöturóló sem er rótgróinn leikvöllur sem er mikilvægt leiksvæði barnanna í hverfinu. Öll eru þessi almenningsrými mikilvægur þáttur í svipmóti byggðarinnar sem og verðmæt samverurými fyrir íbúa og gesti.



Myndir 34 og 35. Almenningsgarðurinn Austurvöllur (efri mynd) og leikvöllurinn Skipagöturóló (neðri mynd).

5.4 Bernskuár þéttbýlis

Svipmót byggðarinnar innan verndarsvæðisins er samofið fyrstu þéttbýlismyndun á Íslandi þar sem byggingastílar eru fyrst innfluttir og svo lagaðar að íslenskum aðstæðum smátt og smátt. Þegar horft er á byggðina út frá byggingarstíl og samhengi innan verndarsvæðisins má skipta henni gróflega í fjóra flokka.

Í fyrsta lagi er um að ræða **byggð sem tengist kaupstöðunum þremur** sem eru “fæðingastaðir” Ísafjarðar og skarta m.a. einum af elstu húsum landsins (rautt á mynd 36).

Í öðru lagi eru **látlaus íbúðarhús frá timburhúsaöld** og götummyndir sem endurspeгла svipmót fyrstu þéttbýlismyndunar á Íslandi (fjólublátt á mynd 36).

Í þriðja lagi eru **byggingarheildir við gömlu aðalgötunna**, Aðalstræti og Silfurgötu. Þar sem götur eru rammaðar inn af veglegum byggingum og hýsa oft einhvers konar starfsemi (blátt á mynd 36).

Í fjórða lagi er **samstæð heild steinsteypuhúsa** sem endurspeгла hina “íslensku fúnkísstefnu” sem setur svip sinn á þéttbýli á Íslandi á eftirstríðsárunum (gult á mynd 36).




Mynd 36. Tillaga að uppskiptingu verndarsvæðisins eftir fjórum flokkum út frá byggingarstíl og samhengi

5.4.1 Kaupstaðirnir

Á svæðunum sem tilheyrðu kaupstöðunum þremur, Neðstikaupstað, Miðkaupstað og Hæstakaupstað, er að finna ein elstu timburhús landsins. Þetta eru hús með sterkum skandinavískum áhrifum enda mörg byggð af frumkvæði kaupmanna frá Danmörku og Noregi. Í Neðstikaupstað hefur varðveist heildstæðasta þyrping danskra verslunarhúsa frá 18. öld á landinu öllu. Á þessum tímum einokunarverslunar voru húsin flutt tilsníðin frá Danmörku og reist af dönskum smiðum. Húsin eru jafnframt dæmi um þrjár helstu formgerðir timburhúsa frá þessum tíma, grindarhús, bolhús og stökkahús. Krambúðin (byggingarár óljóst milli 1757 og 1760), elsta húsið, er hefðbundið tilsníðið danskt grindarhús. Faktorshúsið (1765) er upphaflega af bolhúsagerð en sú gerð var mest notuð fyrir íbúðarhús kaupmanna. Tjöruhúsið (1781) og Turnhúsið (1785) eru bæði stökkahús.⁴⁰

Allar þessar gerðir tilheyra svokölluðum dönskum húsagerðastíl sem var ríkjandi á upphafsárum þéttbýlis, um 1750-1840. Dönsku húsin voru einlyft með háu risi, knappri veggghæð, stóðu á lágum steinsettum sökklum og inngangur á miðri framhlið. Þau voru bikuð að utan með hvítum gluggum, oft með hlerum fyrir og frágangur grófur og án skrauts. Í Hæstakaupstað hefur bara eitt hús varðveist frá upphafi verslunar Björgvinjarmanna, Faktorshúsið við Aðalstræti 42 (1788), sem er einlyft stökkbyggt timburhús.⁴¹ Þar er einnig hús Sölubúðarinnar (1855) við Aðalstræti 37 sem er tvílyft hús með bindingsverki, byggt á grunni eldra húss og er hluti af heildinni í Hæstakaupstað. Bæði húsin hafa verið gerð fallega upp í upprunalegum stíl. Þriðja húsið í heildinni Norðurvegur 2 (1875) og til



1992 stóð einnig eldra hús við Fjarðarstræti 21 sem nú er rífið.

Í Miðkaupstað hefur eitt af upprunalegu húsunum tveimur frá upphafi verslunar varðveist, Södenborgarhúsið (1816) við Aðalstræti 12. Það er með dönsku formi með lágum veggjum og háu risi. Þar í kring eru nokkur gömul timburhús frá árunum 1845-1907 sem tengjast einnig verslunarstarfseminni í Miðkaupstað, bæði verslunar og íbúðarhús. Best þekkt húsið er líklega Edinborgarhúsið (1907) við Aðalstræti 7 sem hýsti Edinborgarverslunina. Einnig eru þar hluti af byggingaheild hús í Aðalstræti númer; 8, 10, 11, 15 og 16. Þetta eru timburhús, flest með bindingsverki, sem með tímanum tekur yfir sem algengasta formgerð timburhúsanna.⁴²

Með tíð og tíma höfðu húsin lagast meira að íslenskum aðstæðum samfara því að íslenskir timburmenn og snikkarar ná tókum á smíði húsanna og þróa lag þeirra. Yngri húsin í húsabyrpingunum við Miðkaupstað og Hæstakaupstað bera því ýmis merki nýrri byggingastíl timburhúsa. Þetta eru m.a. hús af svokallaðri dansk-íslenskri húsagerð sem er eins konar íslenskt framhald af þeirri dönsku. Smátt og smátt taka Íslendingar við keflinu í kaupstöðunum bæði hvað varðar verslunarrekstur og húsabyggingar. Kaupstaðirnir sem urðu kveikjan að þéttbýlinu á Ísafirði eru enn á sínum stað og hver og einn skartar byggðaheild með svipmóti sem segir fæðingarsögu Ísafjarðar.

⁴⁰ Hörður Ágústsson, 2000, Guðmundur L. Hafsteinsson, á.á.

⁴¹ Minjastofnun Íslands, á.á.

⁴² Bragi Bergsson, 2021, Hörður Ágústsson, 2000

Kaupstaðirnir

Dæmi um byggingar




5.4.2 Timburhúsaheild

Á Eyrinni er einnig að finna fleiri merkilegar byggingaheildir timburhúsa frá fyrstu áratugum þéttbýlismyndunar. Þessi byggð fer að myndast smátt og smátt austan við Miðkaupstað þar sem landrými var til staðar í Tangagötu, Smiðjugötu, Þvergötu og hluta Brunngötu, Silfurgötu, Sundstætis, Skipagötu og Fjarðarstrætis. Meginþorri húsanna er byggður á tímabilinu frá seinni hluta 19. aldar til fyrstu ára 20. aldarinnar. Eitt og eitt steinsteypt hús er einnig að finna inn á milli en það eru timburhúsin sem gefa heildarmyndina. Þessi heild gefur góða yfirsýn yfir hús á timburhúsaöldinni svokölluðu þegar Íslendingar byrja að fíkra sig áfram í smíði timburhúsa.

Sum elstu húsanna eru samkvæmt danska húsagerðstílnum og þeim dansk-íslenska sem lýst var í kaflanum hér að framan, s.s. Sundstræti 25A, Þvergata 3, Skipagata 11 og Smiðjugata 2. Flest bera þó sterkara yfirbragð þeirrar húsagerðar sem þróast út frá þessum stílum og eru ríkjandi á seinni hluta 19. aldar. Þetta eru einföld timburhús oft með blönduðum stílum, sum með einhverjum einkennum af sveitser stíl sem lýst er í næsta kafla.

Stór hluti húsanna á þessu svæði eru einföld hús alþýðufólks, bárujárnsklædd timburhús byggð af litlum efnum og sparsemi. Einkennin eru að þau eru lítil og lágreist og án nokkurs skrauts, með lágu risi eða krossreist og sum portbyggð.⁴³ Margs konar viðbyggingar og skúrar eru við þessi hús og oft hefur verið bætt við hæð ofan á þau. Húsin hafa þannig stundum þróast þannig að þau hafa upphaflega verið í dansk-íslenskum stíl en svo verið byggt við þau eftir því sem fjárhagur leyfði og fjölskyldustærð breyttist. Þannig endurspeglar útlit hússins oft blöndu af ýmsum stefnum, ekki síst þeim sem eru ríkjandi



þegar bætt var við það. Þessi einföldu timburhúsin setja mikinn svip á svæðið og dæmi um þau eru Sundstræti 35, Silfurgata 8, Smiðjugata 4, Tangagata 10 og Tangagata 21.

Á Ísafirði hefur einnig verið algengt að hafa litla viðbyggingu, eða inngönguskúr, sem viðbót við aðaldrif til að veita skjól frá veðri og vindum. Þetta eru kölluð bíslög og eru sérlega mörg dæmi um þau að finna í gömlu byggðinni.

Timburhúsaheildin á Eyrinni er eitt heilsteypasta dæmið á landinu um húsagerðir í bæjum þegar byggðin fer að þéttast og taka á sig mynd. Notagildi er í fyrirrúmi og hvert rými húsanna er nýtt til hins ýtrasta. Byggt er eftir efnum hverju sinni og viðbæturnar sem bætast smátt og smátt við húsin eru eitt af einkennum byggðaheildarinnar. Innlendar aðstæður eins og barátta við veðurfar fer að endurspeglast í húsagerðunum, sbr. bíslögin. Timburhúsaheildin segir þannig sögu alþýðufólks og húsakostinn sem þeim bauðst á áratugunum í kringum 1900 þegar þéttbýli er að festa sig í sessi.

⁴³ Hörður Ágústsson, 2000, Guðmundur L. Hafsteinsson á.á.

Timburhúsaheild

Dæmi um byggingar




5.4.3 Aðalgötur

Íburðamestu og stærstu byggingarnar á svæðinu er flestar að finna í og við aðalgötunna Aðalstræti og Silfurgötu. Þær eru af ýmsum stílum og frá mismunandi tímum en hafa þó mörg sameiginleg einkenni. Þær eru yfirleitt 2-4 hæðir, staðsettar alveg úti við götuna og standa sumar þétt hlið við hlið, í svokallaðri randbyggð. Þær eru einnig yfirleitt með verslun og/eða þjónustu á jarðhæð, stundum kallað virk jarðhæð. Þessar byggingar eru heilt yfir íburðameiri en víða annars staðar í bænum.

Fá dæmi eru um timburhús með nýklassískum stíl á Íslandi en við Aðalstræti 36 er þó gott dæmi um slíkt með gamla barnaskólanum þar sem sjá má hornsúlur og þríhyrna bjóra yfir gluggum (1901). Framhlið skólans er friðuð og henni viðhaldið þó að restin af skólabyggingunni sé nýrri.⁴⁴

Sveitserstíllin setur svip á mörg hús við aðalgötunna. Einkenni stílsins er hár múraður sökkull, mikil lofthæð og stórir gluggar og hátt ris. Þá er jafnan skrautlega útskorinn umbúnaður glugga, hurða og þakbrúna sem ná langt út. Íslendingar aðlöguðu stíllinn að íslenskum veðuraðstæðum með því að klæða húsin bárujárn og sá stíll kallaður bárujárnssveitser. Raguei Árni Bjarnason var aðalfrumkvöðull íslenska sveitser stílsins á Ísafirði og hús eftir hann eru t.d. Silfurgata 11 (félagsbakaríð), Silfurgata 2 og Silfurgata 6, öll frá 1905, en seinni tvö eru með hornturnabrag. Önnur dæmi um sveitserhús við aðalgötur eru Aðalstræti 22b (1907) og Silfurgata 7 (1906).⁴⁵

Eftir um 1915 tekur steinsteypuöldin við þegar byggingu timburhúsa voru settar miklar skorður. Í upphafi var uppbygging, útlit og



fyrirkomulag steinsteypuhúsa nánast með sama hætti og timburhúsanna sem fyrir voru.⁴⁶ Dæmi um þetta er t.d. Brunngata 10 sem er steinsteypuhús í sveitserstíl (1910).

Nokkur hús með einkenni steinsteypuklassíkur er að finna við Aðalstræti, en það eru steinsteypt hús með söguleg stíleinkenni. Þetta eru Aðalstræti 18 (1920) Aðalstræti 22 (1933) og Aðalstræti 26 (1933). Einnig neðsta hæð húss gamla bakarísins við Aðalstræti 24 sem byggt var árið 1935 sem steinsteypuklassík en svo var hæðum bætt ofan á níunda áratugnum í síðmóðernískum stíl. Einnig má sjá dæmi um byggingar frá öðrum tímaseiðum s.s. Silfurgötu 1 (1970) sem er dæmi um móðerníska byggingu.

Aðalgötunna hafa ekki síst menningarsögulega mikilvægt gildi sem rótgrónar verslunargötur þar sem virk jarðhæð er eitt aðaleinkennið. Þær hafa í gegnum tíðina byggt á viðskiptum gangandi vegfarenda sem áttu leið hjá á þessum aðalgötum og gera enn í dag.

⁴⁴ Hörður Ágústsson, 2000, Guðmundur L. Hafsteinsson á.á.

⁴⁵ Hörður Ágústsson, 2000, Guðmundur L. Hafsteinsson á.á.

⁴⁶ Hörður Ágústsson, 2000, Guðmundur L. Hafsteinsson á.á.

Aðalgötur

Dæmi um byggingar




5.4.4 Fúnkisheild

Nyrst á verndarsvæðinu er einnig að finna skemmtilega byggingaheild steinsteypubygginga undir áhrifum "Íslensku fúnkisstefnunnar" sem var áberandi á árunum 1930-1960. Þessi hús byggjast upp á svæði sem áður var notað til saltfiskþurkunnar en losnaði upp úr 1920 með breyttum vinnsluaðferðum á fiski. Þá þótti kjörið að nota þetta dýrmæta byggingarland undir stórar og flottar opinberar byggingar. Margar þessara bygginga eru hannaðar af Guðjóni Samúelssyni sem var mjög áhrifa- og afkastamikill arkitekt á þeim tíma og starfaði lengi sem húsameistari ríkisins. Byggingarnar á svæðinu eru einnig dæmi um þróun fúnkisstílsins á Íslandi og mismunandi útfærslur Guðjóns á ýmsum tímum.

Fúnkisstefnan eða fúnksjónalismi sprettur fram í Evrópu um 1920 samfara gagnrýni á byggingarlist sem fylgdi fornum hefðum. Með fúnkisstílnum var lögð áhersla á notagildi bygginganna og að nýta sem best eiginleika steinsteypunnar. Byggingarnar voru einfaldar, án skrauts og áttu að vera heilsusamlegar og ódýrar íbúðir fyrir almenning. Ósamhverf staðsetning glugga og horngluggar einkenndu einnig stílinn. Á Íslandi þróaðist stíllinn frá því að vera með flötum þökum líkt og í Evrópu yfir í lágreist valmáþök. Eitt af höfuðeinkennum íslenskra fúnkishúsa var að yfirborð þeirra var múrhúðað með hrjúfu efni s.s. skeljasandi eða steinmulningi.⁴⁷ Dæmi um þetta eru húsin við Austurveg sem byggð voru milli 1939 og 1950.

Húsin við Austurveg eru hönnuð af Guðjóni og þar má sjá hvernig hann fylgdi fúnkisstefnunni ekki alveg 100%. Hann vildi t.d. hafa smá skraut á húsunum sínum líka og sumstaðar má einnig sjá klassísk áhrif. Guðjón var einnig þekktur fyrir að bæta við þjóðlegum eða



náttúrulegum einkennum við grunnhugmyndir fúnkisstefnunnar. Þetta má t.d. sjá á Þjóðleikhúsinu í Reykjavík og hefur verið nefnt hamrastíll. Guðjón var einnig þekktur fyrir að reyna að samþætta klassískan einfaldleika og rökrétta formhugsun í anda funksjónalisma. Gagnfræðaskólinn (1939) og Sundhöllinn á Ísafirði (1945) og Húsmæðraskólinn Ósk (1948), eru dæmi um þá tegund fúnkisstíls sem Guðjón notaði og hefur stundum verið nefndur lýðveldisstíll. En hann teiknaði líka hús þar sem fúnkis er nokkuð ítarlega fylgt eftir, eins og verkamannablokkina við Austurveg og Grundargötu (1940) sem fylgja sömu teikningum og verkamannabústaðirnir við Hringbraut í Reykjavík, og þau eru með elstu dæmum um hús sem eru byggð í anda fúnkisstefnunnar á Íslandi.⁴⁸

Við Fjarðarstræti og Skólagötu er einnig að finna íbúðarhús í fúnkisstíl sem styrkja heildarsvip þessa svæðis. Á svæðinu er því að finna ýmis dæmi um íslenskar útgafur fúnkisstílsins, sem þróast á eftirstríðsárunum.

⁴⁷ Guðmundur L. Hafsteinsson á.á.

⁴⁸ Bragi Bergsson, munnleg heimild, 2021

Fúnkisheild

Dæmi um byggingar



6. Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi svæða, húsa og mannvirkja er beitt SAVE-aðferðafræðinni, en hún byggir á því að meta eftirfarandi fimm þætti⁴⁹:

- Listrænt gildi/byggingarlist
- Menningarsögulegt gildi
- Umhverfislegt gildi
- Upprunalegt gildi
- Ástand

Mat á varðveislugildi er þáttur í að meta varðveislugildi byggðarinnar í heild.

Verndarflokkar byggja á niðurstöðum húsakönnunar⁵⁰ svæðisins og mati á varðveislugildi svipmóts byggðarinnar. Heildir bygginga geta jafnframt haft meira eða minna varðveislugildi en stök hús, allt eftir samhengi. Í varðveislumati er tilgreint hvaða þætti sem eru einkennandi í byggðinni, skal vernda. Verndarákvæði eru útfærð nánar í skilmálum um verndun og uppbyggingu innan verndarsvæðisins.



Mynd 37. Almenningsgarðurinn Austurvöllur við Hæstakaupstað með Faktorshúsið og sölubúðin í bakgrunni

⁴⁹ Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2017

⁵⁰ Bragi Bergsson (ritstj.), Herborg Árnadóttir, Jóna Símonía Bjarnadóttir (2022). Ísafjörður. Neðstikaupstaður og gamli bærinn á Eyrinni. Húsakönnun. Ísafjarðarbær.



Mynd 38. Verndarflokkar húsa á neðri hluta verndarsvæðis



Mynd 39. Verndarflokkar húsa á efri hluta verndarsvæðis.



Mynd 40. Varðveislumat stakra bygginga á neðri hluta verndarsvæðis



Mynd 41. Varðveislumat stakra bygginga á efri hluta verndarsvæðis.

6.1 Byggingarlistarlegt gildi

Á verndarsvæðinu er að finna byggingaheildir sem lýsa mótandi straumum í byggingarlistasögu Íslendinga á umbrotaárum í íslenskri þéttbýlismyndun. Í fyrsta lagi eru innan svæðisins margar af elstu nústandandi byggingum landsins sem hefur verið mjög vel við haldið og hafa mikið byggingarlistarlegt gildi á landsvísu. Þetta eru þyrpingar timburhúsa danskra og norskra kaupmanna frá miðri 18. öld og svo Íslendinganna sem taka við af þeim. Húsin eru yfirleitt frekar lítil með háu risi og bera flest einkenni danska- og dansk-íslenska stílsins.

Í öðru lagi er óvenjulega mikið magn samstæðra timburhúsaheilda frá síðari hluta 18. aldar og allt að byrjun þeirra 20. á svæðinu, en það eru hús sem víðast hvar annars staðar hafa fengið að víkja fyrir nýrri húsum í gegnum tíðina. Þau eru dýrmætur vitnisburður um þá byggingarlist sem einkennir íslenskt þéttbýli á árdögum þess. Í sömu andrá má sjá margar útfærslur timburhúsa frá ólíkum tímum sem byggð voru af mismiklum fjárráðum.

Á svæðinu er einnig merkileg dæmi bygginga í sveitserstíl og steinsteypuklassík í verslunarhúsnæði við rótgrónar aðalgötur þar sem virkar jarðhæðir glæða göturýmið lífi. Að lokum er þar að finna samstæða heild húsa í fúnkísstíl sem gefur innsýn inn í mikilvægt tímabil í byggingarlistasögu Íslendinga.

Svæðið hefur því hátt byggingarlistarlegt gildi.

6.2 Menningarsögulegt gildi

Menningarsögulegt gildi byggðarinnar er margþætt en eitt það merkilegasta býr í kaupstöðunum þremur og varðveislu þeirra. Staðsetningar þessara fæðingarstaða þéttbýlis Ísafjarðar eru ennþá sýnileg í byggðinni auk leiðarinnar sem á milli þeirra hefur legið frá fornu fari. Almenningsrýmin sem kaupstöðunum fylgja hafa einnig menningarsögulegt mikilvægi sem vettvangur bæjarlífs og saltfiskverkunnar. Þannig endurspeglar byggðin samspil náttúru og mannvistar þar sem góðar náttúrulegar aðstæður til sjósóknar verða grundvöllur þéttbýlismyndunar á Ísafirði. Saltfiskurinn sem er lifibrauð bæjarbúa hefur svo bein áhrif á þróun byggðarinnar þar sem húsin raðast upp að einhverju leyti út frá forsendum saltfiskþurrkunnar.

Auk kaupstaðanna hefur timbur- og bárujárnshúsaheildin á Eyrinni mikið menningarsögulegt gildi þar sem hún sýnir húsakynni fólks í einu af elstu þéttbýlum landsins. Þar hafa einnig varðveist fágæt göturými á milli húsa sem hafa verið vettvangur daglegs lífs frá upphafsárum þéttbýlismyndunar.

Svæðið hefur því hátt menningarsögulegt gildi.

6.3 Umhverfisgildi

Gamla byggðin á Eyrinni býr yfir fallegu svipmóti sem njóta má við göngu í hlýlegum göturýmum. Á Eyrinni opnast annar heimur þegar gengið er inn í byggðina sem er í dag falinn við aðkomu að bænum frá sjó eða landi. Umgjörð náttúrunnar á Eyrinni skapar andstæður í byggðinni þar sem fíngerð byggð mætir tilkomumiklum fjöllum úti fyrir miðjum firði. Þó að byggðin hafi fjarlægst sjónum víða með landfyllingum eru ennþá varðveittir helstu sjónásarnir út á hafið þar sem áður voru bryggjur tengdar kaupstöðunum.

Dýrmæt umhverfisverðmæti er að finna í göturýmum Eyrarinnar þar sem mjúkir jaðrar gleðja augað og mannlegur skali er í forgangi. Göturými sem verða til löngu fyrir tíma bíls og eru fágæt í skala sínum og finleika.

Neðstikaupstaður er út af fyrir sig dásamleg umhverfisheild þar sem rýmið á milli bygginganna er ekki síður dýrmætt en byggingarnar sjálfar. Sterk tenging út á haf í miðjum firðinum skapar ómetanlega upplifun þar sem þræðir sögunnar mætast í umhverfinu.

Svæðið hefur því hátt umhverfisgild.

6.4 Upprunalegt gildi

Byggðin á Eyrinni er virkur hluti af lifandi miðbæ og íbúðarsvæði þó að óumflýanlega sé búið að breyta svæðum og byggingum með byggðarþróun í tímans rás. Þó er ótrúlega margt sem er upprunalegt í gömlu byggðinni. Leiðin milli kaupstaðanna þriggja er að mesti leyti ennþá upprunaleg í legu sinni sem söguslóð með mikið upprunalegt gildi.

Mikið er af húsum á Eyrinni sem eru að öllu leyti eða í grunninn fyrstu byggingar sem byggðar voru á landsvæðinu. Mörg þeirra hafa haldið í söguleg einkenni og smáatriði þegar byggingarnar hafa verið gerðar upp. Neðstikaupstaður sem heild hefur verið gerður upp af milli vandvirkni með fullu tilliti til upprunalegs horfs, enda byggðasafn.

Svæðið hefur því hátt upprunalegt gildi.

6.5 Ástand

Ástand húsa er almennt gott enda er þau ennþá í fullri notkun sem íbúðarhús eða hýsa starfsemi. Göturýmum hefur verið vel viðhaldið af bæjarfélaginu og ástand almenningsrýma til sóma.

Svæðið er því með hátt gildi þegar kemur að ástandi.

6.6 Niðurstaða

Varðveislumat húsanna á verndarsvæðinu á myndum 40 og 41 (á bls. 48) sýnir skýrt hversu mikilvægur arfur felst í verndun þeirra. En það er alls ekki síður rýmin á milli þeirra sem eru dýrmæt. Þegar horft er til heildar varðveislumats svæðisins þegar kemur að svipmóti og þeirra þátta sem lýst er hér á undan er niðurstaðan sú að **svæðið hefur hátt varðveislugildi.**



Mynd 42 og 43. Horft yfir part efri hluta (efri mynd) og neðri hluta verndarsvæðisins (neðri mynd).

7. Vernd og uppbygging

Lagt er til að Neðstikaupstaður og gamla byggðin á Skutulsfjarðareyri verði skilgreind sem verndarsvæði í byggð skv. lögum nr. 87/2015 og byggir tillagan á því mati sem lýst er í 5. kafla.

7.1 Áherslur við mótun skilmála

Tillagan að verndarsvæði í byggð og tilheyrandi skilmálar sem hér eru settir fram, eru í senn árétting á því sem þegar gildir um byggðina og staðfesting á mikilvægi hennar á svæðis- og landsvísu. Segja má að Neðstikaupstaður og gamla byggðin á Skutulsfjarðareyri sé nú þegar verndarsvæði að því leyti að svæðið er hverfisverndað í aðalskipulagi.

Eins og mælt er fyrir um í leiðbeiningum Minjastofnunar um gerð tillögu að verndarsvæði í byggð verður tilgreint hvaða þættir sem eru einkennandi í byggðinni skuli vernda. Verndarákvæðin verða svo útfærð nánar í skilmálum og uppbyggingu innan verndarsvæðisins.

Hvað varðar möguleika til uppbyggingar innan verndarsvæðis í byggð út frá varðveislugildi byggðarinnar ber að hafa að leiðarljósi að breytingar eiga að styrkja svipmót hennar og standa vörð um það sem gefur henni gildi. Það verður að skoða möguleika á breytingum út frá varðveisluflokkum og skilgreina þau tækifæri sem eru til uppbyggingar á tilteknum svæðum eða reitum út frá því. Í leiðbeiningum Minjastofnunar koma fram leiðbeiningar þar um:

- Hátt varðveislugildi: Minnstir möguleikar á uppbyggingu. Aðgerðir skulu miða að því að bæta það sem fyrir er. Þar sem gera má ráð fyrir að þar á meðal séu hús og mannvirki sem hafa mikið byggingarlistarlegt og menningarsögulegt gildi skulu endurbætur á húsum og mannvirkjum miða að því að færa

þau nær upphaflegri gerð. Það getur átt við ef þeim hefur verið breytt á þann hátt að ekki samræmist upphaflegri gerð og þar má nefna klæðningar og glugga.

- Miðlungs varðveislugildi: Nokkrir möguleikar á uppbyggingu. Endurbætur á eldri húsum og mannvirkjum skulu miða að því að færa þau nær upphaflegri gerð. Það sem byggt er nýtt skal laga sig að byggðinni sem fyrir er og hlutföll og svipmót hennar skulu virt.
- Lágt varðveislugildi: Mestir möguleikar á uppbyggingu. Það skal þó alltaf haft að leiðarljósi að það sem byggt er nýtt þarf að falla vel að byggðinni sem fyrir er og taka mið af hlutföllum og svipmóti hennar.

Í samræmi við ofangreint er við skilmálagæðina lögð áhersla á jafnvægi á milli verndunar og uppbyggingar. Mikilvægt er að byggðin verði áfram lifandi íbúðabyggð um leið og staðinn er vörð um þau miklu menningarverðmæti sem í byggðinni felast. Með því er átt við að verndun þýði ekki að engu megi breyta í eldri byggð, heldur að breytingar innan verndarsvæðis skuli miða að því að styrkja þá þætti í byggðinni sem varðveislugildi hennar felst í. Gert er ráð fyrir að skilmálar tillögu að verndarsvæði í byggð verði leiðbeinandi við skipulagsgerð og framkvæmdir innan verndarsvæðisins.

Hvað varðar leiðbeiningar um viðhald og endurgerð gamalla húsa, er vísað er í leiðbeiningarit Minjastofnunar; *Gömul timburhús. Útveggir, grind og klæðning*⁵¹, *Steinuð hús varðveisla, viðgerðir, endurbætur og nýsteining*⁵², *Trégluggar í timburhúsum. Varðveisla, viðgerðir og endurbætur á trégluggum*.⁵³

⁵¹ Húsafriðunarnefnd ríkisins 4. útgáfa. Ágúst 2007

⁵² Húsafriðunarnefnd ríkisins. Mars 2003

⁵³ Húsafriðunarnefnd ríkisins. 1996.

7.2 Tillaga að verndarskilmálum

Hér eru skilgreindir verndarskilmálar eftir þemunum fjórum sem dregin voru fram í greiningu á svipmóti byggðarinnar. Hvert þema talar til ákveðins sjónarhorns á sérstöðu byggðarinnar og hvernig megi viðhalda henni og efla til framtíðar.

Þannig talar þemað um falinn fjársjóð til heildarsamhengis byggðarinnar, gildi hennar fyrir Ísafjörð og tengingar út á við. Þemað um fjörð og fisk fjallar um kaupstaðina þrjá og menningarverðmætin sem í þeim felast og söguleiðina á milli þeirra. Þemað um fágæt göturými talar til bæjarmyndar og upplifunar vegfarandans. Svo talar þemað um bernskuár þéttbýlis til byggingarstíls og mótandi strauma í byggingarlist þegar þéttbýli fer að myndast á Ísafirði.


Skilgreind eru markmið og leiðir fyrir hvert þema:

- Falinn fjársjóður - svipmót landslags
- Verslun og fiskur - bær mótaður af saltfiski
- Fágæt göturými - upplifun vegfarandans
- Bernskuár þéttbýlis - byggingarheildir sem segja sögu

7.2.1 Falinn fjársjóður

Markmið

- Gamla byggðin á eyrinni verður áfram geymd sem dýrmætur sjóður.
- Strandlínu fyrir tíma landfyllinga sé minnst í umhverfinu.




Leiðir að markmiði

- Aðkoma að svæðinu sé skýr og styrki upplifun gesta.
- Styrkja upplifun heimamanna og gesta af þróun strandlínunnar og byggðarinnar með kynningu og fræðslu.
- Samstarf við listamenn um miðlun sögunnar á skapandi hátt við strandlínuna.
- Vernda skal fjöruna við Neðstikaupstað og tryggja að hún haldist óbreytt.

7.2.2 Verslun og fiskur

Markmið

- Menningarverðmætum sem felast í varðveislu kaupstaðanna þriggja verði haldið á lofti sem fæðingastöðum Ísafjarðar sem þéttbýlis.
- Kaupstaðirnir myndi áfram hver um sig litla byggingaklasa.
- Leiðin á milli kaupstaðana um Aðalstræti verði styrkt sem söguleið.
- Aðgengi almennings að menningar- og náttúruminum sé tryggt.
- Sjónlínur til sjávar frá kaupstöðum viðhaldið.
- Gömul örnefni verði endurvakin og notuð.



Leiðir að markmiði

- Unnið verði að því að miðla leiðinni milli kaupstaðanna sem söguleið þar sem áhersla er á gangandi vegfarendur.
- Áfram sé unnið að því að gera gömlu bryggjussvæðunum hátt undir höfði og þau gerð sýnilegar. Komið verði fyrir áningarstað sem fellur vel að svipmótinu sem hægt er að setjast niður, njóta útsýnisins og fræðast um söguna. Áningarstaðirnir séu hluti af söguleiðinni.
- Útlit skilta og merkinga skal falla vel að svipmóti svæðisins. Uppbygging á áningarstöðum innan svæðisins skal vera hófleg, vönduð og falla vel að landi, staðháttum og minjum á hverjum stað.
- Lögð verði áhersla á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og menningar á svæðinu, s.s. með tengingu við sögugöngur og ferðaþjónustu.
- Byggingarklasarnir í kaupstöðunum skulu ekki brotnir upp með neinum hætti.

7.2.3 Fágæt bæjarrými

Markmið

- Staðinn verði vörður um göturými og haldið í mjúka jaðra, uppbot og fínleika byggðarinnar.
- Göturýmið verði áfram aðlaðandi, greitt og öruggt fyrir gangandi vegfarendur.
- Huga skal að falgri götulýsingu sem fellur vel að og styrkir svipmót byggðarinnar. Jafnframt skal hugað að öryggi og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af.
- Staðinn sé vörður um almenningsrými sem eru mikilvæg fyrir m.t.t. menningarsögu og mannlífs.
- Stuðla að lifandi mannlífi í miðbæ Ísafjarðar.



Leiðir að markmiði

- Göturými séu áfram í mannlegum skala og ekki aukið rými fyrir ökutæki.
- Götur séu útfærðar sem vistgötur með hægri umferð og forgangi gangandi og hjólandi.
- Ekki sé leyfilegt að byggja háa skjólveggi við göturými sem draga úr mjúkum jöðrum sem einkenna göturými.
- Styrkja áfram græn almenningsrými við Austurvöll og Skipagöturóló.
- Vinna markvisst með menningarsögulega sérstöðu almenningsrýma í hönnun, list og frágangi.
- Umhverfi húsa og á almenningssvæðum skal vera í samræmi við hefðir og arkitektúr þess tíma sem miðað er við í uppbyggingu hverfisins. Þetta á við um t.d. girðingar, lýsingu, yfirborðsefni, götugögn.
- Fylla skal upp í skörð sem myndast hafa í byggðinni þar sem hús stóðu áður og hafa verið rifin.
- Sem liður í að efla mannlíf í miðbæ Ísafjarðar skal stuðla að virkri notkun jarðhæða við Aðalstræti og Silfurgötu.
- Íbúar hvattir til að setja sinn svip á umhverfið með gróðri og götugögnum.

7.2.4 Bernskuár þéttbýlis

Markmið

- Staðinn verði vörður um svipmót byggðarinnar sem segir sögu þéttbýlismyndunar á Íslandi.
- Staðinn sé vörður um mikilvæg kennileiti innan verndarsvæðisins.
- Öll uppbygging og endurgerð húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almannarýma stuðli að styrkingu heildarsvipmóts svæðisins.
- Áfram verði lifandi íbúðarbyggð og mannlíf á svæðinu.

Leiðir að markmiði

- Lögð skal áhersla á að bæta það sem fyrir er og færa hús og mannvirki nær upphaflegri gerð eftir því sem tækifæri gefst. Miða skal við upprunalegt horf eða það horf sem viðheldur verndargildi hússins sem best.
- Hús með verndargildi skulu ekki fjarlægð. Þó er heimilt að færa til hús með verndargildi þannig að það falli betur að byggðinni verði sýnt fram á að um heildarhagsmuni sé að ræða.
- Heimilt er að endurbyggja, að hluta eða í heild, hús með verndargildi. Leitast skal við að halda í þá hluti sem nýtanlegir eru. Hvetja skal til þess að endurreisa horfin hús sem líkleg eru til að bæta heildaryfirbragð hverfisins eða eru sögulega mikilvæg. Staðsetning og mótun nýrra bygginga á svæðinu skal



falla að hefðum og arkitektúr þess tíma sem miðað er við í uppbyggingu hverfisins.

- Heimilt er að breyta yfirbragði húss þannig að það falli betur að yfirbragði hverfisins og einkennandi arkitektúr þess tíma er hverfið byggðist upp. Þetta á ekki við ef húsið er talið hafa verndargildi, vegna sögu eða arkitektúrs, í núverandi mynd.
- Hugað skal sérstaklega að gæðum í efnisvali og handverki. Sýnilegir hlutar skulu ekki vera falskir, s.s. lausir gluggapóstar eða eftirlíkingar af timburklæðningum.
- Heimilt er að byggja við hús á svæðinu.
- Viðbyggingar skulu hafa sama yfirbragð og aðalbyggingin, þ.e. í samræmi við þann arkitektúr sem einkennir húsið. Efnisval í viðbyggingum skal vera það sama og í aðalbyggingunni. Stærð viðbygginga skal vera þannig að aðalbygging haldi sínum sessi. Við allar breytingar og nýbyggingar húsa skal vernda heilleika bygginga og taka mið af yfirbragði byggðar, staðsetningar á lóð, byggingarmagns á svæðinu, hlutfalla, hæðar, þakforma, lína, rytma, efnisnotkunar og annars útlits, s.s. glugga, girðinga og annarra mannvirkja á lóð.

8. Heimildaskrá

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir (2012). „Ég á Ísafjörð og Ísafjörður á mig“ *Staðartengsl og staðarsjálfsæmd í samhengi við búsetuval*. Meistararitgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands.

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir (2016). *Íslenskur bæjarbragur*. Aldarspeggill - samtal við Guðmund Hannesson.

Bragi Bergsson (2012). *Almenningsgarðar á Íslandi*. Meistararitgerð í sagnfræði, hugvísindasvið. Háskóli Íslands.

Bragi Bergsson (ritstj.), Herborg Árnadóttir, Jóna Símonía Bjarnadóttir (2022). *Ísafjörður. Neðstikaupstaður og gamli bærinn á Eyrinni. Húsakönnun*. Ísafjarðarbær.

Bragi Bergsson (á.á.) *Austurvöllur á Ísafirði. Grein birt á vefsíðu höfundar*. Sótt 9.4.2021 á : <https://bragibergsson.wordpress.com/austurvollur-a-isafirdi/>

Byggðasafn Vestfjarðar (á.á.). *Neðstikaupstaður*. Sótt á vef þann 22.01.2021 á: <https://www.nedsti.is/nedstikaupstadur/Nedstikaupstadur/>

Edinborg - Menningarmiðstöð (á.á.) Edinborgarhúsið. Sótt 26.4.2021 á: <http://edinborg.is/>

Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir (1993). *Skutulsfjarðareyri - Húsakönnun á Ísafirði*.

Guðmundur L. Hafsteinsson (á.á.). [Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu fram til 1970](#). Minjastofnun.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir (2017). [Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands. Verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð](#). Minjastofnun.

Hörður Ágústsson (2000). *Íslensk byggingaarfleið I - Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Ísafjarðarbær (2009). *Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020*. Ísafjarðarbær.

Jón Páll Halldórsson (1976). *Gamli bærinn á Ísafirði og vandi sveitastjórna í sambandi við friðun gamalla húsa*. Sveitastjórnarmál.

Jón Þ. Þór. (1984). *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps fyrsta bindi fram til 1866*. Sögufélag Ísfirðinga.

Jón Þ. Þór. (1986). *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna II. bindi. Félags- og menningarsaga 1867-1920*. Sögufélag Ísfirðinga.

Jón Þ. Þór. (1990). *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps IV. bindi 1921-1945*. Sögufélag Ísfirðinga.

Kristinn Nikulás Edvardsson (2011). *Sagnfræðileg landupplýsingakerfi - Eyrarhreppur hinn forni frá 1703 til 1860*. BS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands.

Landmælingar Íslands (2021). *Örnefnasjá Landmælinga Íslands*. Sótt á vef 28.01.2021 á: <http://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ORN>

María Guðbjörg Jóhannsdóttir (2015). *Rýnt í skipulagseinkenni þéttbýlisstaða í fjörðum á Íslandi - Ísafjörður, Siglufjörður og Neskaupstaður*. Meistararitgerð, Umhverfisdeild, Landbúnaðarháskóli Íslands.

Minjastofnun Íslands (á.á.) Vestfirðir Faktorshúsið Hæstakaupstað, Ísafirði. Sótt á vef þann 18.03.2021 á: <https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/vestfirdir/nr/510>

Ólína Kerúlfr Þorvarðardóttir (2017). *Við Djúpið blátt - Ísafjarðardjúp*. Árbók ferðafélags Íslands.

Ómar Smári Kristinnson (2009). *Ísafjörður - Hæstikaupstaður, Miðkaupstaður og Nestikaupstaður 1910-1960 og 2009*.

Páll Ásgeir Ásgeirsson (2012). *Ísafjörður: þar sem gamli tíminn lifir*. Vísbending tímarit.

Ragnar Edvardsson (2019). *Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ vegna verkefnisins „Verndarsvæði í byggð“*.

Sigurður Pétursson (2011). *Vindur í Seglum. Saga verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum - I. bindi 1890-1930*. Alþýðusamband Vestfjarða.

Myndir: Bragi Bergsson og Alta Kortagerð og skýringarmyndir: Alta